

# Kársnes
## Byggðakönnun



ÚRBANISTAN

Minjastofnun Íslands

Byggðakönnun - Kársnes

Unnið að beiðni Kópavogsbæjar

Ábyrgðarmaður: Anna María Bogadóttir, arkitekt FAÍ

© Anna María Bogadóttir / Úrbanistan

Úrbanistan
Reykjavík 2023
urbanistan.is

# EFNISYFIRLIT


10 Inngangur

## 13 SAGA BYGGÐAR

14 Byggðakönnun

16 Ræktarland og vísir að byggð (1936–1944)<

Hernám

34 Úr ræktarlandi í sjálfstætt sveitarfélag (1944–1955)

Fyrsta heildarskipulagið fyrir Kársnes (1949)

Bær æskunnar

Mannvirkjagerð í skugga innflutningshafta

Elísabet Finsen múrari

Atvinnuuppbygging

76 Kópavogskaupstaður – félagslegar og samfélagslegar áherslur (1956–1962)

Kársnesskóli

Félagsheimili

Kópavogskirkja

Sundlaug og skemmtigarður

92 Hröð uppbygging, malbik og módernismi (1962–1970)

Í örum vexti

Teiknað fyrir alþýðuna

Skipulag undir Borgum

Skipulag við suðurströnd Kársness

Norðurströndin skipulögð undir athafnasvæði

Verslunarkjarni í Sæbólslandi

Iðnaðarhús á hafnarsvæði

150 Fyrsta aðalskipulag Kópavogs, -aukin umferð og þéttari byggð (1969–1979)

Hugmyndir um miðbæ og Kópavogsgjá

Umhverfisáherslur

Aukinn þéttleiki

Brútalismi og póstmódernismi

Umferðaraukning

Hugmyndir um miðbæ

Þinghólsskóli

Uppbygging á hafnarsvæði

169 Fyllt upp í eyður (1980–1994)

Endurskoðun aðalskipulags

Umhverfisgæði

Bruni Málningar

Huldubraut

Sæbólsland

Menningartorfa

Sundlaug Kópavogs

204 Landnám út í sjó og nýjar tengingar (1995–)

Borgarlína og brú yfir Fossvog

Umbreytingar

## 209 HÚSAGERÐIR

210 Íbúðarhúsnæði

214 Þjónustuhúsnæði

218 Iðnaðarhúsnæði

## 223 VARÐVEISLUMAT

224 Núverandi verndunarákvæði á Kársnesi

Hverfisvernd

Friðlýst svæði

Friðuð og friðlýst hús á Kársnesi

228 Forsendur varðveislumats

Verndunarflokkar

Blár flokkur

Fjólublár flokkur

Rauður flokkur

Gulur flokkur

Athyglisverð hús

Sértæk rammaákvæði

Yfirlit yfir verndunarsvæði

Aldur byggðar

234 Greiningarsvæði: saga og einkenni

Norðurströnd

Holt

Suðurströnd

Náttúrutengingar - gróður, sjónlínur, göngutengingar, strönd

246 Yfirlit yfir tillögur um verndun

Gulur flokkur:
samstæður húsa og heildir

Rauður flokkur:
einstök hús, húsaraðir og götumyndir

254 Norðurströnd: Varðveislumat 2023

Samstæður húsa og heildir (gulur flokkur)

Einstök hús, húsaraðir og götumyndir (rauður flokkur)

280 Holt: Varðveislumat 2023

Samstæður húsa og heildir (gulur flokkur)

Einstök hús, húsaraðir og götumyndir (rauður flokkur)

296 Suðurströnd: Varðveislumat 2023

Samstæður húsa og heildir (gulur flokkur)

Einstök hús, húsaraðir og götumyndir (rauður flokkur)

318 Athyglisverð hús

336 Heimildaskrá

338 Myndaskrá



Mynd 1: Börn í skólagörðum sunnan við Kópavogsbraut árið 1965. Horft til vesturs.

# Inngangur

Í Byggðakönnun Kársness er gerð grein fyrir sögulegu yfirliti um þróun byggðar og byggingarsögu Kársness. Staðháttum er lýst og greint frá upphafi og lykilþáttum í þróun byggðarinnar. Greint er frá húsum, mannvirkjum og náttúrusvæðum sem njóta verndar samkvæmt lögum. Gefið er yfirlit yfir einkenni byggðar og byggðamynsturs og lögð fram skráning og varðveislumat sem er grunnur að tillögum um hverfisvernd í hverfisskipulagi.

Byggðakönnunin er unnin að beiðni Umhverfissviðs Kópavogsbæjar í samræmi við skipulagslög. Við gerð könnunarinnar var haft samráð við Minjastofnun Íslands um verktilhögun, unnið eftir verklagsreglum stofnunarinnar og var verkefnið styrkt af Húsfriðunarsjóði. Í leiðbeiningum Minjastofnunar um gerð byggða- og húsakannana kemur fram: „Byggða- og húsakönnun er byggingarlistarleg og menningarsöguleg skoðun, könnun, greining, úttekt, skráning og mat bæjarumhverfis og einstakra húsa, studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda“ (Minjastofnun Íslands, 2009). Byggðakönnun gefur yfirlit um þróun byggðar og byggingarsögu. Seinni áfangi byggða- og húsakönnunar er húsakönnun með húsaskrá og mati á varðveislugildi einstakra húsa. Ákvæði um hverfisskipulag er að finna í 37. grein skipulagslaga nr. 123/2010. Þar segir: „Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar. Þegar unnið er að slíku hverfisskipulagi er heimilt að víkja frá kröfum um framsetningu sem gerðar eru til deiliskipulagsáætlana í nýrri byggð og leggja frekar áherslu á almennar reglur um yfirbragð og varðveislugildi byggðarinnar auk almennra rammaskilmála“ (Skipulagslög, 123/2010).

Varðveislumat Byggðakönnunar Kársness tekur fyrst og fremst til mats á yfirbragði byggðarinnar. Greind eru helstu einkenni byggðarinnar og lagt mat á varðveislugildi heilda, náttúrutenginga, götumynda, byggðamynsturs og skipulagsheilda. Einnig er leitast við að draga fram einstök hús sem könnunin leiðir í ljós að hafi sérstakt menningarsögulegt gildi, teljast góðir fulltrúar byggingarlistar ákveðins tímabils, eru áberandi kennileiti í byggðinni, hafa haldið upprunaleika sínum eða eru góð dæmi um höfundarverk. Jafnframt er bent á athyglisverð hús sem hafa gildi vegna sögu, byggingarlistar eða umhverfislegra þátta. Ekki er um tæmandi yfirlit að ræða.

Forsenda varðveislumatsins er vettvangskönnun, greining og grunnskráning húsa sem nær til byggingarárs, staðsetningar og höfunda ásamt ljósmynd og teikningum. Gerður er sá fyrirvari við varðveislumat byggðakönnunarinnar að það er ekki unnið eins og um væri að ræða húsakönnun þar sem varðveislugildi hvers og eins húss er metið samkvæmt lögum, reglum og leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands og lögð fram fullbúin skrá yfir hús og mannvirki.

Byggðakönnun Kársness var unnin á tímabilinu ágúst 2022 til desember 2023. Fjöldi vettvangsferða var farinn á tímabilinu og hús og umhverfi greint og ljósmyndað. Áhersla var lögð á að setja efnið fram á aðgengilegan og myndrænan hátt, með fjölda teikninga og ljósmynda, auk þess sem unnin voru fjölmörg kort sem gefa yfirlit yfir ákveðna þætti í byggðinni. Könnunin var unnin í samstarfi við starfsfólk Umhverfissviðs Kópavogs undir verkefnisstjórn Kristjönu H. Kristjánsdóttur. Heimildir voru meðal annars sóttar í teikninga- og ljósmyndasöfn Skipulagsstofnunar, Þjóðskjalasafns, Þjóðminjasafns og Héraðsskjalasafns Kópavogs. Þá áttu sér stað samtöl við fjölda heimildarmanna, þar á meðal fulltrúa Sögufélags Kópavogs.

Hið byggða umhverfi er í stöðugri umbreytingu. Hugmyndir um virði og gildi byggðar eru einnig breytingum háðar og nýjar upplýsingar og viðmið geta leitt til endurskoðunar og breytinga á varðveislumati byggðar. Þessi misserin er til að mynda aukin áhersla á umhverfis- og varðveislugildi byggða og bygginga í ljósi kolefnis sem bundið er í byggingum. Kemur það til með að hafa áhrif á varðveislumat einstakra húsa og byggðaheilda til framtíðar litið.

Desember 2023

Anna María Bogadóttir, arkitekt FAÍ

ÚRBANISTAN

SAGA BYGGÐAR

# Byggðakönnun

## Afmörkun

Kársnes afmarkast af Fossvogi til norðurs, Kópavogi til suðurs og Kópavogsgjá til austurs. Hverfið Kársnes í vesturbæ Kópavogs er um 190 ha. að stærð. Landsvæðið sem byggðakönnunin nær til var ríkisjörð sem var úthlutað til nýbýlajarða og ræktunarreita samkvæmt reitaskipulagi á fjórða áratugnum. Ríkisjarðir á Kársnesi sem ekki voru leigðar út til erfðafestu eru utan svæðisins sem könnunin nær til. Sama gildir um menningarmannvirki á Borgarholti þótt þau fléttist inn í umfjöllun um byggðina sem lykilmannvirki á Kársnesi. Þá er byggð á landfyllingum frá 21. öld á vesturenda Kársness utan svæðis.

## Landslagseinkenni

Undirlendi Kársness er að mestu grágrýtishraun. Á hlýskeiði ísaldar fyrir rúmum 10.000 árum gekk sjór yfir hæsta punkt nessins, Borgarholt, og sjást þar menjar hæstu sjávarstöðu á Suðvesturlandi eins og segir í *Sögu Kópavogs*: „Dreifing hnullunga á holtinu sýnir verkanir brims á þessum tíma og ástæðan fyrir því að einungis stórgrýti er í holtinu er sú að sjórinn hefur borið smærri steina með sér, hinir stærstu urðu eftir“ (Árni Waag, 1990:9). Borgarholtið er mólent með ríka mosaflóru. Klettamyndanir í holtinu eru *Borgir*, sem eru friðlýst náttúruvætti og *Kastalar*, sem að hluta til fóru undir götuna Kastalagerði á sjöunda áratugnum. Þegar sjávarstaða lækkaði myndaðist sand-malarfjara við utanvert Kársnes og eru Kársnesfjörur skjólsælar og áhrifa brims gætir lítt (Árni Waag, 1990:86). Kópavogsfjaran við Kársnes er í heild sinni friðuð og Fossvogsfjaran að hluta. Vestasta hluta Kársnesfjöru hefur verið raskað með uppfyllingum.

## Seltjarnarnes-hreppur hinn forni

Á Kársnesi átti uppbygging þéttbýlis sér fyrst og fremst stað á 5.–8. áratug tuttugustu aldar. Skoðunarsvæðið telst gróið og að mestu fullbyggt og fastmótað, en löngum var þar ekki um fasta búsetu að ræða. Í *Sögu Kópavogs* kemur fram að Kópavogur var talinn til jarða er konungur tók árið 1563 „til yfersionar (eftirlits) og byggingar, en landskyld (leiga) fare sem áður ...“ Jörðin var þó ekki mikil útróðrajörð og segir í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* árið 1703 að þaðan þurfti að róa með „stórerfiði í öræfislangræði“ út á mið. Leigan af Kópavogi var gefin fátækum, eins og getið er í *Jarðabókinni* og einnig í uppgjöri Fátækranefndar Seltjarnarneshrepps er Reykjavík var skilin frá hreppnum árið 1847 (Árni Waag, 1990: 164).

Seltjarnarneshreppur hinn forni náði fram að því frá Gróttu að Elliðaám og spannaði yfir Seltjarnarnes, Reykjavík, eyjarnar norðan Reykjavíkur og núverandi Kópavogsland. Samkvæmt fornleifaskrá frá árinu 2000 munu minjar um býli vestast á Kársnesi hafa sést í byrjun 20. aldar. Sást þá til fornra túngarða. Árið 1926 mun hafa sést til dálítilla túna og fornra túngarða. Engar rústir sáust. Taldi Matthías Þórðarson að á svæðinu hefðu líklega aldrei verið verulegir bæir, en mögulega smákofar eða búðir úr timbri, sem fólk hafi hafst við í (Matthías Þórðarson, 1929:32). Líklegt er að á Kársnesi hafi staðið þurrabúðir, eins og algengt var á öllu Reykjanesi og víðar. Leiddar eru að því líkur að útræði hafi verið á utanverðu Kársnesinu og ekki er hægt að útiloka að minjar um bæ kunni að finnast við jarðrask (Bjarni Einarsson, 2020).




Mynd 2: Uppdráttur af Kársnesi og umhverfi. Án ártals.



Mynd 3: Hátíð verslunarmanna á Þingstað í Kópavogi 1908. Hér stóð Kópavogsbærinn áður en hann var fluttur þangað sem hann stendur nú, sennilega nokkrum árum áður en þessi mynd var tekin. Gamall jökulgarður sést lengst til hægri á myndinni.

# Ræktarland og vísir að byggð (1936–1944)

*Það var því síst að undra,
þótt menn sæktust eftir að
komast í Kópavoginn, þar sem
landrými var nóg. Fólk settist
að í sumarbústöðum, eins og
við gerðum, byggði við þá eða
reisti sér ný hús til að búa í allan
ársins hring.*
Hulda Jakobsdóttir

Í því landi sem nú er innan lögsagnarumdæmis Kópavogskaupstaðar voru nokkrar jarðir með fjölbreyttum gróðri og við upphaf 20. aldar voru nokkur býli á jörðunum. Kópavogur og Digranes voru ríkisjarðir sem voru í útleigu til bænda, einnig var búskapur á Vatnsenda og í Fífuhvammi (áður Hvammkot) (Ólafur Dýrmundsson, 2017). Líkt og Reykjavík voru þessar jarðir hluti af Seltjarnarneshreppi hinum forna, en þegar Reykjavík óx fiskur um hrygg og varð sérstakt bæjarfélag, rofnuðu landfræðileg tengsl Seltjarnarness og Kópavogs. Þrátt fyrir það hélst samband hreppshlutanna; hreppsnefndin sat á Seltjarnarnesi en bændur í Kópavogi, Fífuhvammi, Digranesi, Vatnsenda, Gunnarshólma og Lækjarbotnum. Greiddu þeir útsvar á Seltjarnarnesi sem fyrr.

Elsta húsið sem nú stendur á jörðinni Kópavogi reisti Erlendur Zakaríasson á árunum 1902 til 1904. Erlendur var steinsmiður og hlóð hann bæ sinn úr tilhöggnu grjóti og notaði steinlím með svipuðum hætti og hann hafði lært þegar hann vann við byggingu Alþingishússins á árunum 1880 til 1881 (Árni Waag, 1990). Árið 1924 fékk Kvenfélagið Hringurinn jörðina Kópavog til að reka þar hressingarhæli fyrir berklasjúklinga og var það rekið til 1940 er Kvenfélagið gaf það ríkinu (Árni Waag, 1990:171-172). Um 1920 kom fram hugmynd um að byggja fiskiskipahöfn í Kópavogi og var lagður vegur fram Kársnesið, nokkru norðan við núverandi Kársnesbraut. Ekki varð þó af frekari framkvæmdum vegna fjárkreppu sem steðjaði að útgerðinni á þriðja áratugnum (Sveinn Sæmundsson, 1965).

### Lög um nýbýlalönd og reitaskipulag fyrir ræktunarreiti

Á Íslandi átti hröð þéttbýlismyndun sér stað allar götur frá því um 1890; til 1930 jókst samanlagður íbúafjöldi allra þéttbýlisstaða landsins úr 8.000 í 61.000 manns, og árið 1925 fór hlutfall þeirra sem bjuggu í þéttbýli yfir 50% af heildaríbúafjölda landsins (Jón Rúnar Sveinsson, 2005). Á fjórða áratugnum tók ríkisstjórnin Kópavogs- og Digranesjarðirnar úr leigu og skipti niður í smærri einingar, nýbýli og leigulönd sem var úthlutað til erfðafestu eða voru leigð til 99 ára og erfðust samkvæmt lögum um nýbýli og samvinnubyggðir nr. 25/1936, sem fólu í sér breytingar á lögum frá 1923. Lögin um nýbýli og samvinnubyggðir kváðu á um að Búnaðarfélag Íslands skyldi skipta löndum í nágrenni kauptúna og kaupstaða, sem landeigandi ætlaði ekki að rækta, upp í skákir og gera uppdrátt af landinu. Hver skák var ætluð einum manni eða fjölskyldu til ræktunar og skyldi skiptingin miðuð við að lagning vega, vatnsleiðslu og rafmagns um svæðið yrði sem kostnaðarminnst, en ekki var gert ráð fyrir fastri búsetu á smábýlunum. Þeir sem höfðu nóg efni og ekki áttu þegar býli gátu sótt um nýbýli og hafið þar búskap að veittu samþykki nýbýlastjóra. Ársleiga á landinu var lág en hins vegar hvíldi sú kvöð á leigutökum að rækta landið í tún og garða, að lágmarki einn tíunda hluta landsins árlega. Jafnframt því skyldi girða landið gripheldri girðingu innan árs frá samningsgerð. Talsverða jarðvinnu þurfti til þess að gera hinar óræktuðu landspildur Kópavogsjarðanna hæfar til nýbýlamyndunar (Adolf J.E. Petersen, 1990). Í kjölfarið var byrjað að úthluta lóðum úr Kópavogslandi fyrir sumarhús og ræktunarskika samkvæmt reitaskipulagi. Lagði reitaskipulagið jafnframt línurnar fyrir rýmis- og byggðamynstur sem hefur að mestu haldist óbreytt á Kársnesi.

Ásókn í ræktarland í Kópavogi helgaðist meðal annars af kreppu og atvinnuleysi í Reykjavík. Reykjavík hafði þá verið í örum vexti og tekið á móti fólki sem var að flytja úr sveitum landsins í bæ sem var að breytast í borg þar sem innviðir hafnar, vatnsveitu, hitaveitu og rafveitu höfðu verið byggðir og lagt grunninn að vexti borgarinnar. Þegar aukinn atvinnuskortur gerði vart við sig jókst á ný áhugi á ræktun lands og smábúskapur samhliða stopulli vinnu varð til þess að létta fjölskyldum lífsbaráttuna og sjá þeim farborða. Reitirnir voru á bilinu hálfur til einn hektari og leigutakar flestir búsettir í miðbæ Reykjavíkur. Í afmælisriti Kópavogsbæjar frá árinu 1965 segir: „Það voru að meirihluta iðnaðarmenn og miður launaðir opinberir starfsmenn, sem sóttust eftir landinu. [...] Á kvöldin og um helgar mátti sjá vinnuklætt fólk halda suður í Kópavog. Lítil hús risu og þar sem áður var urð og grjót, skipti landið lit er voraði. Þar gat víða að líta fagurgræna bletti, sem stækkuðu ár frá ári“ (Sveinn Sæmundsson, 1965). Í upphafi var aðaláhersla lögð á matjurtarækt en áhugi á trjárækt fór vaxandi og á Kársnesi er víða myndarlegur trjágróður frá þessum árum og vel grónir garðar.

### Ræktunarvegir leggja línur fyrir gatnamynstur

Ræktunarreitirnir voru að mestu rétthyrndir meðfram götum sem lágu frá austri til vesturs og þróaðist grunnur gatnakerfis í Kópavogi því sem rétthyrnt mynstur. Þegar farið var að gera götur fyrir bifreiðar reyndust sumar þvergötur of brattar og voru ýmist lagðar af eða slitnar í sundur. Götur með minni halla voru síðan lagðar á ská milli aðalgatnanna sem héldu sér að mestu (Kópavogsbær, 1990).

### Nýbýlavegur

Síðla árs 1935 var byrjað að leggja veg til austurs frá Hafnarfjarðarvegi í Fossvogsdal, svo að löndin sem þar hafði verið úthlutað kæmu að einhverjum notum. Vegaverkstjóri var Lýður Jónsson og honum þótti eðlilegt að vegurinn hlyti nafn af tilgangi sínum og nefndi hann Nýbýlaveg – eins og hann heitir enn í dag. Umhverfis hann myndaðist fyrsta þéttbýlisbyggð Kópavogs (Adolf J.E. Petersen, 1990:44).

### Kársnesbraut og Urðarbraut

Næsti áfangi við gerð ræktunarveganna var að leggja veg frá Hafnarfjarðarveginum út eftir Kársnesinu, í beinu framhaldi af Nýbýlaveginum, og á því verki var byrjað á haustdögum 1937. Þessi vegur hlaut heitið Kársnesbraut (Adolf J.E. Petersen, 1990:18). Næstum samtímis var Urðarbraut lögð þvert yfir Kársnesið, en hún hlaut nafn sitt af því, að vegarstæðið var næstum eintóm stórgrýtisurð. (Adolf J.E. Petersen, 1990:18). Efnistaka var auðveld á melunum. Vestan við Borgarholtið má sjá gróp í landinu þar sem áður var malarhóll. Í Sögu Kópavogs fjallar Adolf J.E. Petersen um Urðarhól: „Svo er nefndur malarhóll austan við Urðarbraut við mót götunnar Kastalagerðis. Aðallega var sjávarmöl í hólnum en úr honum var tekin fylling og ofaníburður í Kársnesbrautina þegar hún var gerð í fyrstu, svo tók breski herinn meginhlutann af hólnum í fyllingu undir Reykjavíkurflugvöll, svo ekkert varð eftir af hólnum“ (Adolf J.E. Petersen, 1990).




Mynd 4: Erfðafestulönd í Kópavogi, 1937.




Mynd 5: Erfðafestulönd í Kópavogi, 1949.



Lóðaskrá. REYKJAVÍK, 8 ágúst 1938.

yfir ræktunarlóðir í Digranes og Kópavogslandi Kársnes.

| Leigutaki | Ræktunarlóð nr. | stærð ha. |
|---|---|---|
| Finnbogi Rútur Valdimarsson ritstjóri | I | |
| Bjarni Helgason Laugaveg 20 B. ...... | II | 1,o |
| Jakob Jónssonn Ránargötu 12 .......... | III | 0,7 |
| Karl Guðmundsson Laufásveg 60 ...... | IV | 0,86 |
| Þórarinn Hallgrímsson Hringbraut 175 .. | V. | 0,66 |
| Sveinbjörn Benidiktsson Bergstaðastræti 56. | VI | 0,69 |
| Stefán Jóhannsson Skeggjagötu 13. .... | VII | 0,68 |
| Matthías Sveinbjörnsson Bergþórugötu 31. | VIII | 0,8 |
| Guðni Jónsson Nönnugötu 4 .......... | IX | 0,9 |
| Ragnar Jónsson Bergstaðastræti 67 ..... | X | 1,37 |
| Haraldur Jóhannesson Bjarnarstíg 11 ... | XI | 0,92 |
| Auðunn Sigurðsson Vífilsgötu 12 ..... | XII | 0,8 |
| Lárus Salómonsson Ingólfsstræti 21 ... | XIV | 0,77 |
| Sigurður Thorarensen Skeggjagötu 13 ... | XIII | 0,68 |
| Jón S. Björnsson Klapparstíg 5 A ....... | XV | 1,o8 |
| Pálmi Jónsson Bergþórugötu 37 ....... | XVI | 1,o |
| Magús Eggertsson Bergstaðastræti 9 B. | XVII | 0,94 |
| Gunnar A. Pálsson Skothúsvegi 15 ..... | XVIII | 1,o8 |
| Aðalbjörg Vigfúsdóttir nr42 | XIX | 0,96 |
| Jóhanna Filippusdóttir Hverfisgötu 56 A | XX | 0,65 |
| Jón Magnússon Barónsstíg 43 ......... | XXI | 0,55 |
| Skarphéðinn Benidiktsson Hverfisgötu 76 B. | XXII | 0,55 |
| Kristmundur Kristmundsson Ásvallagötu 35 | XXIII | 0,55 |
| Skarphéðinn Vémundssyni Grettisgötu 20 | XXIV | 0,61 |
| Þorsteinn Þorsteinsson Dvergasteini v.L. | XXV | 0,61 |
| Halldór Sveinsson Haðarstíg 14 ..... | XXVI | 0,55 |
| | XXVII | |
| | XXVIII | |

Mynd 6: Lóðaskrá yfir ræktunarlóðir, 1938.




Mynd 7: Loftmynd tekin úr þýskri njósnaflugvél í ágúst 1942.





Mynd 8: Kársnesbraut 1946.

# Nýbýlajörðin Sæból

Árið 1935 fluttu hjónin Helga Sveinsdóttir og Þórður Þorsteinsson úr Reykjavík í Kópavog þar sem þau fengu 12 hektara erfðafestuland og reistu bæinn Sæból á sjávarbakka við Fossvog, á landi sem auðkennt var Digranesblettur IX á uppdrætti Búnaðarfélagsins (Adolf J.E. Petersen, 1990:44). Samkvæmt manntali árið 1940 voru Helga, Þórður og börn þeirra fjögur einu skráðu íbúar Kópavogs, en margir bjuggu á Kársnesi í sumarbústöðum og voru með athvarf við sín ræktarlönd án þess að vera þar með skráða búsetu: „Hér vorum við ein, vatnslaus, ljóslaus og vegalaus,“ sagði Þórður um upphafsár búsetunnar á Sæbóli (*Alþýðublaðið*, 1977).

Bústofninn á Sæbóli var tvær kýr og einn hestur, en uppskera garðávaxta um 80 tunnur að meðaltali (Adolf J.E. Petersen, 1990:44). Við nýbýlið var áfast gróðurhús og árið 1946 fékk Þórður leyfi bæjarins til að reisa blómasöluskála og starfsmannahús, sem myndaði síðar grunn verslunarþyrpingar við Reykjanesbraut, en áður hafði Helga stundað ræktun í Laugardalnum og var því með græna fingur. Þórður varð hreppstjóri er Kópavogur var aðskilinn frá Seltjarnarneshreppi. Hluti úr landi Sæbóls var látinn til Marbakka (Adolf J.E. Petersen, 1990:44).



Mynd 9: Sæból um eða eftir 1945.



Mynd 10: Land Sæbóls vestan við Hafnarfjarðarveg. Yfirlitsuppdráttur, án ártals.

# Ræktunarlandið Marbakki

Árið 1936 var fluttur sumarbústaður á Kópavogsblett I sem hlaut nafnið Marbakki. Hulda Jakobsdóttir og Finnbogi Rútur Valdimarsson, síðar bæjarstjórar og heiðursborgarar í Kópavogi, áttu eftir að búa þar um áratuga skeið. Í endurminningabók sinni *Við byggðum nýjan bæ* greinir Hulda frá aðdragandanum á þann hátt að Hermann Jónasson, sem var forsætisráðherra í „stjórn hinna vinnandi stétta“ sem var mynduð sumarið 1934 og Framsóknarflokkur og Alþýðuflokkur áttu aðild að, hafi sjálfur haft með úthlutun nýbýlajarðanna að gera:

„Þeir Hermann og [Finnbogi] Rútur voru kunningjar, og einhverju sinni, þegar Rútur átti hlut að því að útvega manni nokkrum nýbýli í Kópavogi [árið 1936], segir Hermann við hann: „Vilt þú ekki líka fá land, Finnbogi?“ Rútur tók boðinu heldur fálega, en bað um umhugsunarfrest og kvaðst ætla að ræða málið við mig. „Blessaður þiggðu landið,“ sagði ég við hann, þegar hann kom heim um kvöldið og greindi mér frá tilboði ráðherrans. Ég sá mér strax leik á borði að geta haldið áfram að rækta mitt grænmeti, því að við bjuggum aðeins til bráðabirgða heima hjá mömmu. Svo að það verður úr, að við fáum úthlutað þessu landi hérna við Fossvoginn – og ég var alsæl. Við keyptum lítið hús af Jóni Magnússyni fasteignasala, föður Magnúsar G. Jónssonar, frönskukennara við Menntaskólann og Háskólann; kofinn stóð á Njálsgötunni, og við létum flytja hann hingað og höfðum hann fyrir sumarbústað. Þetta voru nú ekki merkilegar vistarverur, eitt herbergi; það komst rétt fyrir dívan – og ég eldaði á prímus í einu horninu. Engu að síður nutum við þess í ríkum mæli að vera hér öðru hverju á sumrin; lágum úti í guðs grænni náttúrunni, þegar veðrið var blítt og sólríkt. Við skírðum bústaðinn strax Marbakka; það lá svo beint við, því að húsið stóð hérna á sjávarbakkanum. Síðan byggðum við smátt og smátt við þennan litla kofa. Gamli sumarbústaðurinn okkar er nú eldhúsið mitt – þetta fræga eldhús á Marbakka, þar sem svo mörg launráð áttu að hafa verið brugguð!“ (Gylfi Gröndal, 1988:97–99).

Eftir að hafa átt þar sumarbústað frá 1936 fluttu Hulda og Finnbogi Rútur heimili sitt að Marbakka þann 10. maí árið 1940 – „á sjálfan hernámsdaginn“ (Gylfi Gröndal, 1988:101).

Ræktunarreitur Marbakka, Kópavogsblettur I, var í fyrstu 1,1 ha. að stærð, sem var algeng stærð ræktunarreita sem úthlutað var á þessum tíma. Árið 1942 fengu Hulda og Finnbogi Rútur úthlutað aukaræktunarreit sem nú er þekktur undir nafninu Rútstún og verður nánar vikið að síðar.




Mynd 14: Land Marbakka og umhverfi. Yfirlitsuppdráttur, 1949.



Mynd 13: Marbakki í tímans rás.



Mynd 15: Málverk af Sæbólslandi eftir Eyjólf Kjalar Emilsson, 9 ára íbúa á Brúarósi. Líklega frá 1963/64.

# Hernám

Eftir hernám Íslands árið 1940 risu nokkur braggahverfi á Kársnesi. Bretar reistu Camp Bournemouth á mótum Hafnarfjarðarvegar og Kársnesbrautar, einnig höfðu Bretar aðsetur þar sem nú er miðbær Kópavogs í kampi sem ýmist er kallaður Skeleton Hill eða Scelton Hill. Þriðja braggabyggðin var austan megin Hafnarfjarðarvegar í landi Fífuhvamms og var kallaður Camp Hilton (Friðþór Eydal, 2013).

Eina mannvirkið sem reist var fyrir herinn og stendur enn á Kársnesi er baðhús á Helgubraut 8.




Mynd 16: Reyndarteikning af Helgubraut 8 frá 1975.





Mynd 17: Sæbólsland árið 1946.

a. Sæból

b. Innra Sæból

c. Camp Bournemouth

d. Kársnesbraut 2 (nú Helgubraut 8)

e. Fossvogsbúðin Kársnesbraut 1




Mynd 18: Loftmynd, Kársnes 1946.

# Úr ræktarlandi í sjálfstætt sveitarfélag (1944–1955)

*Í Kópavogshrepp setur bygging nýrra íbúðarhúsa svip sinn á daglegt líf. Þar má sjá mörg kvöld heilar fjölskyldur, hjón með börn sín, vera að byggja hús, sem ýmist eru í byrjun, eða lengra á veg komin. Þar er unnið af hvað mestu kappi á kvöldin og sunnudögum, því að margir, sem eru að byggja, stunda aðra vinnu virka daga.*
Einar Júlíusson

### Framfarafélagið Kópavogur

Á stríðsárunum ríkti alvarleg kreppa í húsnæðismálum í Reykjavík (Jón Rúnar Sveinsson, 2005). Vegna mikillar húsnæðiseklu bjó fólk um sig á smábýlalöndum á Kársnesi, í sumarbústöðum sem leyfilegt var að byggja að hámarki 25 fermetra stóra (*Tíminn*, 1952) eða byggði ný hús án tilskilinna leyfa. Flestir ef ekki allir sumarbústaðir urðu að heilsársbústöðum (Adolf J.E. Petersen, 1990:14). Síðar, þegar byggðin þéttist og fyrirsjáanlegt varð að í Kópavogi myndi rísa kaupstaður í náinni framtíð, var bannað að reisa minni hús en 60 fermetra á erfðafestulöndunum.

Þó svo að dæmi hafi verið um að einstaka reitir hafi verið skipulagðir með ákveðinni húsateikningu, var algengara að hafðar voru frjálsar hendur varðandi útlit og ytri frágang: „Hér voru um þessar mundir fáar þær hömlur á framkvæmdafrelsi, sem skipuleg uppbygging krefst. Hér gat hver og einn byggt svo sem honum sjálfum líkaði. Þetta kunnu þeir vel að meta, sem að voru fluttir, óvanir boðum og bönnum í þessum efnum“ (Kópavogsbær, 1965). Innflutningshöft á byggingarvörum voru í gildi á þessum tíma og samhliða voru sett lög sem takmörkuðu m.a. stærð húsa. Undir stríðslok var komin dreifð byggð í Kópavogi og árið 1945 var farið að veita leyfi til fastrar búsetu á smábýlalöndum og jókst þá uppbygging ört þrátt fyrir skort á grunnþægindum eins og vatnsveitu, holræsum, rafmagni, síma o.s.frv. (Kópavogsbær, 1965).

Árið 1945 var svo komið að íbúar í hinum svokallaða Upphreppi voru orðnir 521 talsins og gerðu kröfu um innviði eins og vatn, vegi og skóla fyrir börnin, auk þess sem fólk vildi fá búsetuleyfi og byggingarleyfi. En með orðum Huldu Jakobsdóttur, var það ekki auðsótt mál: „Við landnemarnir áttum engan fulltrúa í hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps hins forna, og þeir herrar sem þar sátu höfðu lítinn skilning á þörfum okkar. Þeir litu okkur hornauga og kölluðu okkur „landshornalýðinn á Hálsunum“ (Gylfi Gröndal, 1988:124).

Vorið 1945 birtist auglýsing í dagblöðum og voru allir með lögheimili í Kópavogi boðaðir til áríðandi fundar vegna félagsstofnunar í þeim hluta Seltjarnarneshrepps, sem lá milli Reykjavíkur og Garðahrepps og að Fossvogi og Kópavogi. Sunnudaginn 13. maí 1945 hófst stofnfundur félagsins klukkan tvö í bragga við Fífuhvamm og þar voru þá mættir um 40 frumbyggjar í Kópavogi. Á fundinum voru samþykkt lög fyrir félagið og ákveðið að það skyldi heita Framfarafélagið Kópavogur. Tilgangur félagsins skyldi vera að vinna að og efla framkvæmdir á félagssvæðinu til endurbóta í menningar- og hagsmunamálum, fræðslumálum, vega- og samgöngumálum, símamálum, póstmálum, vatnsveitumálum, jarðræktarmálum og fegrun umhverfis (Gylfi Gröndal, 1988:125).

Framfarafélagið bauð fram í sveitarstjórnarkosningum árið 1946 og náði hreinum meirihluta í Seltjarnarneshreppi. Við það breyttust aðstæður í Kópavogi. Farið var að nýta sjóði hreppsins til m.a. vatnsveitu- og vegalagna, auk þess sem hernaðarmannvirki voru fjarlægð, m.a. til að koma í veg fyrir að fátækrahverfi risu í braggahverfum (Kópavogur, 1993:2).

### Kópavogur – sjálfstætt sveitarfélag

Um 1945 tók skipulagsstjóri ríkisins við skipulagi bæjarlandsins. Á sama tíma var farið að taka þau erfðafestulönd úr leigu sem ekki voru ræktuð sem skyldi, ef nota þurfti landið til annars. Var leigutaka þá greitt fyrir ræktun og húsakost. Reitirnir voru skipulagðir eftir því sem þeir losnuðu úr ábúð.

Samkvæmt Huldu Jakobsdóttur, sem átti eftir að verð sveitarstjóri sjálfstæðs sveitarfélags Kópavogs, var það sýn meirihluta Framfarafélagsins að allt land jarðanna Kópavogs og Digraness yrði skipulagt sem þéttbýli, þar sem þúsundir manna gætu sest að til frambúðar. Öll stefna nýja meirihlutans og aðgerðir í málum miðuðust við það. „Það var óhjákvæmilegt annað en skerða digra sjóði Seltjarnarneshrepps vegna þessara framkvæmda, og það líkaði ekki hinum gömlu og grónu efnamönnum á Nesinu“ segir Hulda í endurminningabók sinni Við byggðum nýjan bæ: „Þeim þóttu áætlanir okkar byltingarkenndar og óraunsæjar, og þegar þeir gerðu sér grein fyrir, að þeir réðu litlu sem engu lengur varðandi stjórn hreppsins – þá runnu á þá tvær grímur. Þeir sáu ekki annað ráð vænna en að losa sig við okkur. Boðað var til almenns fundar í Mýrarhúsaskóla 20. september 1947, þar sem Sigurjón Jónsson fyrrum oddviti reifaði málið og lagði til, að Seltjarnarneshreppi hinum forna yrði skipt í tvö hreppsfélög (Gylfi Gröndal 1988).

Að beiðni Seltjarnaneshrepps varð Kópavogur sjálfstætt sveitarfélag árið 1948, gegn vilja meirihluta íbúanna. í kjölfarið var Kópavogshreppur stofnaður sem sérstakt sveitarfélag. Auk uppbyggingar húsnæðis var lykiláhersla á uppbyggingu grunninnviða í hinnu nýja sveitarfélagi, en fyrstu íbúar höfðu ekkert vatn sem þurfti að sækja langt að. Árið 1949 var gerður samningar milli bæjarstjórnar Reykjavíkur og hreppsnenfdar Kópavogs um kaup á vatni frá Vatnsveitu Reykjavíkur. Árið 1954 er hafist handa við að gera verkfræðilegar áætlanir og teikningar af holræsakerfi bæjarins (Aðalskipulag Kópavogs 1988-2008, 1990:18).



Mynd 19: Kópavogsbraut. Vatnshani í forgrunni, heflaður vegur, rafmagnsstaurar og strætisvagn í bakgrunni. Án ártals.

## Kópavogsbraut 69

Höfundur: Ókunnur

Byggingarár: 1946

Kópavogsbraut 69 er dæmi um einfalt og lágstemmt hús, upphaflega sumarhús sem byggt var við í takt við þarfir eigenda í tímans rás. Viðbyggingar risu í tveimur áföngum. Fyrsta viðbyggingin er frá um 1950 og er það skráð byggingarár í fasteignaskrá. Á reyndarteikningu frá 1966 má sjá svefnherbergisálmu sem bætt var við síðar. Þegar þetta er ritað stendur til að rífa húsið og auka nýtingarhlutfall á lóðinni.






Mynd 20: Fjölskyldan að Kópavogsbraut 69, líklega um 1946.



Mynd 21: Kópavogsbraut 69, líklega um 1950 þegar búið er að byggja við í fyrra skiptið.

## Þinghólsbraut 65

Höfundur: Ókunnur

Byggingarár: 1947

Einlyft hús á kjallara með ris sem er meðal elstu íbúðarhúsa á Kársnesi. Húsið rís á sjávarlóð eftir teikningu samþykktri í Seltjarnarneshreppi árið 1947. Bókað er að byggingarleyfið falli úr gildi sé ekki byrjað að byggja húsið innan árs frá samþykkt.













## Borgarholtsbraut 42

Höfundur: Ókunnur

Byggingarár: 1948

Einlyft L-laga hús sem er meðal elstu íbúðarhúsa á Kársnesi og rís eftir teikningu samþykktri í Seltjarnarneshreppi 1947. Á árunum 1958-1969 rak Jóhanna Hrafnfjörð ljósmóðir fæðingarheimili í Kópavogi og var starfsemin lengst af til húsa á Borgarholtsbraut 42.











## Urðarbraut 7

Höfundur: Ókunnur

Byggingarár: 1949

Vel varðveittur fulltrúi gamla þorpsins við Urðarbraut. Bílskúr er byggður síðar og sést á reyndarteikningu frá 1967.


















## Kópavogsbraut 109

Höfundur: Ókunnur

Byggingarár: 1950

Dæmi um einlyft lágstemmt íbúðarhús sem hefur verið breytt í tímans rás.
















Mynd 23: Urðarbraut 7, 2023.



Mynd 22: Kópavogsbraut 109, 2023.





Mynd 24: Sæból, 2023.



Mynd 25: Marbakki, 2023.

# Fyrsta heildarskipulagið fyrir Kársnes (1949)

Árið 1949 var fyrsta heildarskipulagið fyrir Kársnes vestan Hafnarfjarðarvegar staðfest. Ásgeir Þór Ásgeirsson verkfræðingur vann að skipulaginu og Skipulagsstjóri ríkisins, Hörður Bjarnason, undirritaði það. Með uppdrættinum var fest í sessi afmörkun lóða, sem byggði á reitaskiptingu erfðafestulanda ríkisins á Kársnesi og gatnakerfi sem mótaðist af ræktunarreitum og sumarbústaðalóðum, sem margar voru orðnar að heilsársbúsetusvæðum þegar hér var komið sögu.

Á skipulagsuppdrættinum var gert ráð fyrir íbúðarbyggð meðfram allri strandlengjunni, að undanskilinni lóð Vitamálastofnunar á Kársnesinu norðanverðu. Áhersla var lögð á sameiginleg útirými og grænt svæði nær samfellt frá Borgum og suður í Kópavog. Umhverfis Borgir er sýndur vetrarleikvöllur, dagheimili, leikvöllur og skátaheimili. Vestan megin, þar sem nú er Hlégerði, er gert ráð fyrir kirkju, verslunum og leikvelli þar sem nú er Stelluróló.

Á uppdrættinum hefur öll suðurströndin ásýnd útivistarsvæðis eða *promenade* á evrópska vísu. Sýnd er baðströnd eftir endilangri suðurströndinni og einnig knattspyrnuvöllur. Þá liggja gönguleiðir frá íbúðabyggðinni á Holtinu og niður að ströndinni. Hluti sjávarlóða liggur að ströndinni en akvegur aðgreinir aðrar lóðir frá ströndinni og þar eru bílastæðaútskot fyrir gesti. Lóðir við norðurströndina eru áberandi langar og mjóar og ná að strandlínunni. Aðstæður höguðu því þannig að atvinnurekstur festi sig í sessi meðfram Fossvogi og vestast á Kársnesi þar sem vinna við hafnargerð hófst árið 1952 eins og síðar verður vikið að.




Mynd 26: Yfirlitsuppdráttur skipulagsstjóra ríkisins fyrir endurskipulag vestan Reykjanesbrautar, 1949.

# Bær æskunnar

Lengi framan af gátu börn í Kópavogi leikið sér á víðáttumiklum opnum svæðum víðsvegar um bæinn: „Leiksvæðið var allt holtið og svæðið allt niður í fjöru, þarna voru ekki önnur hús en þau örfáu sem stóðu við Kársnesbrautina," segir Vilhelmína Þorvarðardóttir í viðtali við *Kópavogsblaðið*, en Vilhelmína ólst upp á Kársnesi og er fyrsti borni og barnfæddi Kópavogsbúinn (*Kópavogsblaðið*, 2011).

Valgerður Benediktsdóttir segir einnig frá upplifun sinni af leiktjöldum æskunnar: „[...] Kastalagerðið var Ævintýralandið, með stórum staf, og bliknaði sérhvert Disneyland í samanburði við þau stórbrotnu ævintýri sem gerðust í holtinu, þessum gamla sjávarbotni með öllum sínum skófum sem í huga okkar krakkanna voru heilaslettur úr útilegumönnum og himnastigaklifrurum og voru stórkostleg leiktjöld æskunnar. Þar fórum við í hvers kyns leiðangra og létum villikettina ekki hræða okkur en nóg var af þeim á þessum tíma og emjuðu þeir oft ógurlega í kvöldrökkrinu. Við fórum í endalausa feluleiki og löggu og bófa, indjánaleiki og stukkum milli steina sem samstundis breyttust í fangelsi og kastala, fórum háskaför upp á þá stærstu, gjarna í leynifélagsskikkju og með sverð og sigum stundum niður þá í reipi, paufuðumst gegnum mannaskítsgjána svokölluðu, tíndum blóm og ber og bönkuðum uppá hjá álfunum [...]" (Kópavogur, 2013).

### Stelluróló

Í yfirliti yfir leik- og afþreyingarsvæði í Kópavogi frá árinu 2022 kemur fram að Stelluróló við Hlégerði sé einn af elstu gæsluvöllum bæjarins sem hafa verið aflagðir í þeirri mynd sem áður var. Nú er þar starfræktur gæsluvöllur um fjögurra vikna skeið að sumarlagi. Í skýrslu um leik- og afþreyingarsvæði í Kópavogi kemur fram að lagfæringar voru síðast gerðar á Stelluróló árið 2000 og hefur leiksvæðið sem og húsið á leiksvæðinu látið verulega á sjá og þyrfti að taka til endurnýjunar (Kópavogsbær, 2022).



Mynd 27: Börn að leik, 1957.



Mynd 28: Drengir að leik, 1957.



Mynd 30: Barnaskemmtun á Stelluróló. Án ártals.



Mynd 29: Börn að leik á Stelluróló. Án ártals.



Mynd 31: Börn spreyta sig á jafnvægisslá. Án ártals.

# Mannvirkjagerð í skugga innflutningshafta

„Í Kópavogshrepp setur bygging nýrra íbúðarhúsa svip sinn á daglegt líf. Þar má sjá mörg kvöld heilar fjölskyldur, hjón með börn sín, vera að byggja hús, sem ýmist eru í byrjun, eða lengra á veg komin. Þar er unnið af hvað mestu kappi á kvöldin og sunnudögum, því að margir, sem eru að byggja, stunda aðra vinnu virka daga. Auk þess eru mörg hús ófullgerð frá fyrra ári, því að flestir vinna mikið sjálfir að byggingunum. Þannig má gera ráð fyrir, að um 200 hús séu raunverulega í smíðum í þessu eina hreppsfélagi við bæjardyr Reykjavíkur. Og flest er þetta fólk, sem orðið hefir að leita út fyrir þær bæjardyr, til að eygja þann möguleika að koma upp þaki yfir höfuðið á sér,“ er haft eftir Einari Júlíussyni, byggingarfulltrúa Kópavogs, í viðtali við Tímann árið 1952 (*Tíminn*, 1952). Á árunum eftir 1946 óx ásókn í byggingarlóðir og byggingarleyfi í Kópavogi verulega. Einkum sótti um lóðirnar ungt og efnalítið fólk sem fékk ekki lóðir í Reykjavík eða hafði ekki bolmagn til að reisa sér íbúðir undir byggingarsamþykkt sem var ströng samanborið við Kópavog. Í Kópavogi þurfti ekki byggingarmeistara yfir byggingar á þessum árum og ekki aðra verkmeistara en við raflögn. Var sá háttur á allt fram undir 1955 að eftirlit byggingarfulltrúa var látið nægja (Adolf J.E. Petersen, 1990:184). Árið 1950 hafði 198 smábýlum verið úthlutað úr landi Kópavogs og vorið 1952 var mælt fyrir og úthlutað lóðum fyrir vel á annað hundrað nýrra íbúðarhúsa í Kópavogi.

Takmarkandi þáttur við húsnæðisuppbyggingu voru innflutningshöft sem voru sett á með lögum árið 1947. Í því augnamiði að koma íbúðabyggingu almennings aftur á rekspöl var skattlagning vinnu við eigin húsbyggingar afnumin árið 1949. Árið 1952 fylgdi ríkisvaldið svo í kjölfarið með stofnun Lánadeildar smáíbúða (Jón Rúnar Sveinsson, 2005).


Örastur vöxtur byggðar á Íslandí:

Í Kópavogi hjálpast fjölskyldan að við að byggja

Þar hefir verið byrjað á byggingu á annað hundrað húsa síðan í vor – byggðin vex jafnóðum og skipulagið verður þar til

Í Kópavogshreppi setur bygging nýrra íbúðarhúsa svip sinn á daglegt líf. Þar má sjá mörg kvöld heilar fjölskyldur, hjón með börn sín, vera að byggja hús, sem ýmist eru í byrjun, eða lengra á veg komin. Þar er unnið af hvað mestu kappi á kvöldin og sunnudögum, því að margir, sem eru að byggja stunda aðra vinnu virka daga.

**Byrjað á yfir 100 húsum í sumar.**

Blaðamaður frá Tímanum ræddi í gær við Einar Júlíusson, byggingafulltrúa Kópavogshrepps, og spurði hann um hinar miklu byggingaframkvæmdir í hreppnum. — Sagði hann, að síðan í vor hefði verið mælt fyrir og úthlutað lóðum fyrir talsvert á annað hundrað nýrra íbúðarhúsa í Kópavogi.

Auk þess eru mörg hús ófullgerð frá fyrra ári, því að

Frá nýbyggingunum í Kópavogi, þar sem mörg hús eru í smíðum. — (Ljósm.: Guðni Þórðarson).

Mynd 32: Brot úr viðtali við Einar Júlíusson í *Tímanum* 1952.



# Einar Júlíusson byggingafulltrúi

Einar Júlíusson, sem var lærður trésmiður og einn frumbyggja í Kópavogi, setti svip sinn á uppbyggingu í Kársnesi. Árið 1944 keypti hann lítinn sumarbústað við Álfhólsveg í Kópavogi og stofnaði þar sitt fyrsta heimili ásamt konu sinni Ólafíu G. Jóhannesdóttur (*Þjóðviljinn*, 1965). Einar starfaði sem byggingarfulltrúi Í Kópavogi frá 1948 til 1963, á tíma mestu uppbyggingar í Kársnesi.

## „Hafa ekki við að úthluta lóðum“

Frá árinu 1945 fór Skipulagsstjóri ríkisins með úthlutun lóða og skipulagsvald en byggingarleyfi voru á valdi hreppsnefndar Kópavogs. Sem byggingarfulltrúi var Einar Júlíusson á milli tveggja arma þar sem var býsna árekstrasamt: „Daglega berast fyrirspurnir frá nýjum aðilum, sem vilja fá að byggja í Kópavogi. Reynt er að verða við óskum fólks og úthluta þeim lóðum, en þó bíða nú allmargir eftir því, að hægt sé að úthluta lóðum til viðbótar. Hafa þeir, sem sjá um byggingamálin þar syðra, ekki við að skipuleggja ný byggingahverfi og fá lönd úr erfðafestuleigu“ (*Tíminn,* 1952). Á erfðafestulöndunum í Kópavogi var fólki leyft að byggja sumarbústaði, sem ekki máttu þó vera stærri en 25 fermetrar. Síðar, þegar byggðin þéttist og fyrirsjáanlegt varð að í Kópavogi myndi rísa kaupstaður í náinni framtíð, var bannað að reisa minni hús en 60 fermetra á erfðafestulöndunum. „Nú eru byggingalóðir þar að stærð frá 650 fermetrum upp í 1000 fermetra. Flest eru hús þau, sem byrjað er á í sumar, 80 fermetrar, en fáeinir hafa þó fengið byggingarleyfi fyrir 90–100 fermetra húsum. Sumir þeirra munu þó hætta við að byggja svo stórt“ (*Tíminn*, 1952).

Sem frumbyggi í sumarbústað þekkti Einar af eigin raun aðstöðu þeirra sem þurftu að stækka við sig. Samkvæmt blaðagrein sem var rituð og birt í Þjóðviljanum í tilefni fimmtugsafmælis Einars árið 1965, leiðbeindi hann og aðstoðaði á allan hátt. Í greininni kemur einnig fram að laun byggingarfulltrúa hafi lengst af verið mjög óveruleg og Einar hafi því drýgt tekjur sínar með því að teikna hús: „Einar vann fyrir sínu stóra heimili þegar frístundir gáfust, m.a. með því að teikna hús, en það hafði hann einnig lært í hjáverkum. Á þeim árum voru það engir efnaðir broddborgarar sem sóttu um lóðir í Kópavogi heldur langoftast fátækir iðnaðar- eða verkamenn sem enga fyrirgreiðslu fengu í Reykjavík. Þeir þurftu því að fá ódýrar teikningar til að byggja ódýrt og helst í áföngum“ (*Þjóðviljinn*, 1965). Sjálfur byggði Einar við og endurbætti bústað fjölskyldunnar eftir því sem börnunum fjölgaði.

Á Kársnesi er fjöldi húsa sem Einar teiknaði. Flest eru þau einföld, stílhrein og hógvær með áherslu á notagildi. Þau eru klassísk í anda og einnig má greina áhrif frá húsakosti til sveita, sbr. þá húsagerð sem kölluð var „fjós og hlaða“. Þá má sjá dæmi um að byggingar Einars dragi dám af öðrum byggingum á Kársnesi, til að mynda tvílyft steinsteypt hús með valmaþaki við Marbakkabraut (áður Kársnesbraut), sem líkjast húsum Arinbjarnar Þorkelssonar sem risu við götuna nokkru fyrr. Arinbjörn teiknaði og reisti fjölda húsa í Reykjavík og víðar á Suðurlandi og hafði mikil áhrif á mótun íslenskrar steinsteypuklassíkur.



Mynd 33: Elísabet Finsen að störfum við hús sitt að Þinghólsbraut 35.



EINI KVEN-múrarinn

KVENMÚRARI, hefur nokkur heyrt um hana? Þó er ein kona á Íslandi sem hefur lokið námi í múraraiðn, Elísabet Finsen. Það kemur í ljós þegar flett er nýútkomnu Múraratali og steinsmiða, þar sem fram eru taldir 1431 fullgildir karlmúrarar og þessi eina kona. Hún birtist þar á mynd með múrskeið í hendi, svo og sveinsbréfið hennar, dagsett í Esbjerg í Danmörku haustið 1942. Elísabet býr nú, 73ja ára gömul, í Kópavogi, búin að koma upp fimm börnum. Og einnig húsinu, sem hún teiknaði sjálf og byggði með manni sínum Friðrik Gísla Daníelssyni frá Hlíðarhúsum og mági sínum. Þar hittum við þessa hressu konu.

Elísabet Finsen er eina konan á Íslandi sem lokið hefur prófi í múraraiðn. Hér er hún nýútskrifaður múrarasveinn í Danmörku.

Elísabet hugðist vinna sér inn peninga áður en hún héldi áfram í arkitektanáminu. En næsta vor hitti hún strákinn – Friðrik Gísla Daníelsson frá Hlíðarhúsum í Reykjavík. Þá kom rugl á rímið. Þau fóru að leggjast í ferðalög, bæði Farfuglar.

Mynd 34: Brot úr viðtali við Elísabetu í *Morgunblaðinu* 1993.



## Elísabet Finsen múrari

Einn frumbyggja í Kópavogi sem fékk að reyna innflutningshöftin var Elísabet Finsen. Hún var uppalin á Íslandi og í Danmörku þar sem hún lauk sveinsprófi í múraraiðn árið 1942, fékk vinnu á teiknistofu sama ár og stefndi á nám í arkitektúr. Eftir andlát föður síns, Árna Finsen, flutti Elísabet til Íslands árið 1945. Hún hafði þá skrifað Sigurði Guðmundssyni arkitekt, fyrrverandi vinnuveitanda föður hennar, og hóf störf á teiknistofu hans og Eiríks Einarssonar. Skömmu síðar kynntist Elísabet manninum sínum og þau ákváðu að byggja saman hús í Kópavoginum. „Á þeim árum fékkst ekki neitt, maður þurfti alltaf að vera uppi í Fjárhagsráði og öllum þessum nefndum til að fá leyfi fyrir hverjum hlut. Sjáðu til dæmis hurðirnar, þær eru ekki eins, við fengum leyfi fyrir tveimur gegnum einn og öðrum tveimur gegnum annan“ rifjaði Elísabet upp í viðtali við Elínu Pálmadóttur á tíunda áratugnum (Elín Pálmadóttir, 1993).

Elísabet og eiginmaður hennar höfðu fengið úthlutað erfðafestulandi við suðurströnd Kársness þar sem Elísabet teiknaði fyrsta íbúðarhúsið á svæðinu sem fékk byggingarleyfi en önnur hús höfðu verið byggð sem sumarbústaðir eða vinnuskúrar. Húsið hlóðu þau sjálf upp úr vibrosteini því byggingarefni var af skornum skammti og þurfti að sýna útsjónarsemi við að afla efnis. Loftplatan var steypt í einu lagi og fengu hjónin aðra aðila til að vinna það verk: „Þá sá ég að maðurinn sem var að leggja járnin ætlaði að spara þau. Ég sagði við hann að ég vildi hafa þetta eins og væri á teikningunni. Hann var dálítið hissa á því hvað þessi kona væri að segja honum til. Ég komst svo að því af hverju hann vildi spara járnin, hann ætlaði að kaupa af okkur afgangana. Það var jafn erfitt að útvega sér járn eins og allt annað til bygginga á þeim tíma.“

Elísabet teiknaði fleiri hús en sitt eigið: „Ég teiknaði svolítið fyrir fólk öðru hverju, til dæmis þegar þurfti viðbyggingar, einkum meðan Kópavogur var að byggjast. Frumbyggjarnir réttu hver öðrum hjálparhönd“ (Elín Pálmadóttir, 1993).

Hús sem reist eru eftir teikningum Elísabetar standa nú við Þinghólsbraut 35 og Sunnubraut 26.

**Þinghólsbraut 35**

Höfundur: Elísabet Finsen

Byggingarár: 1950















**Sunnubraut 26**

Höfundur: Elísabet Finsen

Byggingarár: 1954














# Yfirlit yfir hús á Kársnesi teiknuð af Einari Júlíussyni




Mynd 35: Kort sem sýnir hús á Kársnesi teiknuð af Einari Júlíussyni, grámerkt á korti.

## Melgerði 27

Höfundur: Einar Júlíusson

Byggingarár: 1959

Einlyft hús með einhalla þaki.











## Sunnubraut 22

Höfundur: Einar Júlíusson

Byggingarár: 1957













## Holtagerði 6

Höfundur: Einar Júlíusson

Byggingarár: 1957

Dæmi um tvíbýli reist eftir teikningum Einars Júlíussonar.



Mynd 36: Holtagerði 6. Grunnmyndir og ásýndir.

## Holtagerði 1

Höfundur: Einar Júlíusson

Byggingarár: 1956

Dæmi um hús reist er eftir teikningum Einars Júlíussonar af húsagerð sem gengur undir nafninu „fjós og hlaða".



Mynd 37: Holtagerði 1. Grunnmyndir og ásýndir.

## Hlégerði 27

Höfundur: Einar Júlíusson

Byggingarár: 1957

Hlégerðishús. Húsagerð sem er áberandi við Hlégerði og Holtagerði. Tvílyft hús með mænisþaki og kvistum.



## Kópavogsbraut 20

Höfundur: Teiknistofa Landbúnaðarins

Byggingarár: 1955

Týpuhús frá Teiknistofu Landbúnaðarins.



## Kársnesbraut 86

Höfundur íbúðarhúss: Ókunnur

Höfundur viðbyggingar frá 1958: Hannes Kr. Davíðsson

Kársnesbraut 86 sker sig úr hvað varðar byggingarstíl viðbyggingar sem var teiknuð sem vinnustofa listamanna. Upphaflegur höfundur hússins er ókunnur en viðbygginguna teiknaði Hannes Kr. Davíðsson árið 1958 fyrir listahjónin Barböru og Magnús Á. Árnason. Veggverk Barböru á útvegg vinnustofunnar kallaði hún: *Frá vöggu til grafar.*



Mynd 38: Íbúðarhús og vinnustofa við Kársnesbraut. Án ártals.













## Skólagerði 45

Höfundur: Ókunnur

Byggingarár: 1957

Hús í anda fúnkis. Lítið breytt frá upprunalegri gerð.



## Marbakkabraut 15

Höfundur: Arinbjörn Þorkelsson

Byggingarár: 1954

Dæmi um lágstemmt íbúðarhús reist eftir teikningum Arinbjörns Þorkelssonar húsasmíðameistara.





## Kópavogsbraut 8

Höfundur: Hafliði Jóhannsson

Byggingarár: 1955

Gott dæmi um hús teiknað og mögulega reist af Hafliða Jóhannssyni húsasmíðameistara.





## Skjólbraut 4

Höfundur: Ókunnur

Byggingarár: 1955

Árið 1955 voru Bæjarskrifstofur Kópavogskaupstaðar opnaðar að Skjólbraut 4.





## Kópavogsbraut 88

Höfundur: Halldór H. Jónsson

Byggingarár: 1959

Frá miðjum sjötta áratugnum fjölgar stærri einbýlum með áfasta bílskúra, til að mynda hús við Kópavogsbraut sem rís eftir teikningum Halldórs H. Jónssonar.







Mynd 39: Holtagerði 69, 2023.



Mynd 40: Hlégerði 25, 2023.



Mynd 41: Sunnubraut 26, 2023.





Mynd 42: Skólagerði 45, 2023.



Mynd 43: Kópavogsbraut 8, 2023.



Mynd 44: Skjólbraut 1, 2023.

# Atvinnuuppbygging

Í sérstöku riti sem gefið var út í tilefni 10 ára kaupstaðarafmælis Kópavogsbæjar er sagt frá uppbyggingu atvinnustarfsemi í bænum á eftirfarandi hátt: „Er Kópavogur varð sérstakt hreppsfélag, var fátt fyrirtækja í byggðarlaginu og flestir sóttu vinnu til Reykjavíkur. Ekki leið þó á löngu, þar til dugmiklir menn og framsýnir hófu hér atvinnurekstur. Forráðamönnum byggðarlagsins var frá öndverðu ljós nauðsyn þess, að fyrirtæki settust hér að: Í fyrsta lagi var óhentugt og ótryggt að svo til allt vinnandi fólk sækti vinnu í önnur byggðarlög, þótt slíkt komi ekki að sök meðan eftirspurn eftir vinnuafli er meiri en framboð. Í öðru lagi var svo sá ávinningur, sem bæjarfélaginu væri að opinberum gjöldum stórra fyrirtækja, sem mundu bera uppi hluta kostnaðarins við rekstur og þróun bæjarins. Í því skyni að örva þá þróun, voru er fram liðu stundir, skipulagðar lóðir undir iðnaðarfyrirtæki, aðallega við Kársnesbraut og á svæðinu sunnan Nýbýlavegar“ (Kópavogur 1955-1965).

Eitt hið fyrsta, var Rörsteypan, sem hóf starfsemi árið 1947. Þá komu nokkur, sem um langa hríð hafa starfað í byggðarlaginu: Niðursuðuverksmiðjan ORA, Blikksmiðjan Vogur, Málning h.f. (Kópavour 1955-1965)

## Höfn í Kársnesi

Hafnarskilyrði í Kópavogi eru góð frá náttúrunnar hendi, skerin í Skerjafirði brjóta úthafsölduna, sjóinn leggur aldrei þangað inn og aðdýpi er mikið við Kársnes (Kópavogsbær, 1965). Hugmyndir um hafnargerð í Kársnesi komust upphaflega á flug árið 1920, en horfið var frá þeim vegna fjárskorts. Á sjötta áratugnum komust áform um hafnargerð aftur á skrið og árið 1952 samþykkti hreppsnefnd Kópavogsbæjar að stofna hafnarsjóð og kjósa hafnarnefnd sem annast skyldi undirbúning að hafnargerð á Kársnesi. Finnbogi Rútur, sveitarstjóri, sem setið hafði sem landskjörinn þingmaður frá árinu 1949, flutti frumvarp á Alþingi um að Kópavogs yrði getið í hópi staða þar sem ríkissjóður greiddi helming kostnaðar vegna hafnargerðar. Frumvarpið var samþykkt sama ár og hófst steypuvinna við bátabryggju fremst á Kársnesi vorið 1953 (Adolf J.E. Petersen, 1990: 138–140). Bátabryggjan átti að vera með 70 metra löngu viðlegurými (Adolf J.E. Petersen, 1990:185). Í byrjun sjötta áratugarins voru íbúar í Kópavogi tæplega þrjú þúsund og samkvæmt afmælisriti bæjarins frá 1965 gjörbreytti hafnargerðin aðstöðu á Kársnesi til athafnastarfsemi:

„Með hafnarmannvirkjum gátu allstór skip lagst að bryggju í Kársnesi og hafa millilandaskip lestað þar afurðir til útflutnings. Fiskhús lét bærinn reisa og hefir rekstur þar skapað talsverða atvinnu á undanförnum árum. [...] Margt bendir til þess, að Kópavogur, sem í upphafi var „svefnbær“, þar sem flestir sóttu vinnu í önnur byggðarlög, verði iðnaðarbær í mjög vaxandi mæli, er fram líða stundir. Fáir bæir bjóða iðnfyrirtækjum jafn ákjósanlega aðstöðu. Þar fer saman staðsetning mjög svo miðsvæðis í þéttbýliskjarna Faxaflóasvæðisins og mikið framboð á vinnuafli. Með tilliti til nánustu framtíðar er það atriði máske þyngst á metunum, því að á næstu árum mun fleira ungt fólk koma til starfa við atvinnuvegi landsins í Kópavogi en í nokkru öðru byggðarlagi hlutfallslega“ (Kópavogsbær, 1965).

Þannig voru lögð drög að frekari vexti byggðarinnar.




Mynd 45: Yfirlitsuppdráttur, 1949. Sýnir m.a. lóð Vita- og hafnarmálastofnunar.



Mynd 46: Skipulagstillaga fyrir athafnasvæði norðan Kársnesbrautar, 1954.

## Clausenhúsið

## Hafnarbraut 12

Í Hverfaskipulagi Kópavogs frá 1993 er listi yfir byggingar sem bent er á að vert sé að gefa gaum vegna sögu þeirra og/eða byggingarstíls. Áréttað er að listinn sé ekki tæmandi því „víst er að fleiri hús í vesturbænum geyma merka sögu eða bera aðalsmerki góðrar byggingarlistar“ (Kópavogsbær, 1993). Meðal húsa á listanum er hús við Hafnarbraut 12. Í hverfaskipulaginu segir: „Húsið var byggt sem iðnaðarhúsnæði upp úr 1950 og hefur oft verið kallað „Gamla Valshúsið“. Það er hlaðið og byggt í svipuðum stíl og mörg af gömlu steinhúsunum (m.a. Stjórnarráð Íslands), nánast „dönskum herragarðsstíl“. Það er nú að hluta til íbúðarhús.“ (Kópavogsbær, 1993).

Clausen-húsið var mögulega það fyrsta sem var reist sem iðnaðarhúsnæði á Kársnesi enda mannvirkjagerð þar upphaflega tengd lögum og reglum um ræktarlönd. Í grein Frímanns Helgasonar, „Erfðaleigulandið nr. L í Digraneslandi. „Clausenhúsið“ In memoriam?“, rekur hann sögu hússins í tilefni þess að byggingarfulltrúi Kópavogs hafði heimilað niðurrif þess. Í greininni kemur fram að húsið hafi verið reist á Kópavogsbletti 50 og síðar verið númer 124 við Kársnesbraut. Í greininni segir Frímann meðal annars: „Í apríl 1945 gengur Árni Pálsson húsasmíðameistari inn í erfðafestusamninginn og nokkrum dögum síðar er hann yfirtekinn af Byggingarfélaginu Smiði en Árni var einn af forsvarsmönnum þess félags. Rúmu ári síðar eða í júní 1946 samþykkir byggingarnefnd Seltjarnarneshrepps fyrir sitt leyti erindi frá félaginu þar sem farið er fram á heimild til að byggja verksmiðjuhús úr vikurholsteini á landinu. Beiðninni fylgdi leyfi frá landbúnaðarráðuneytinu þar sem félaginu er heimilað að byggja téð hús og láta það standa allt að 10 árum. Með erindinu fylgdi uppdráttur að hartnær 250 fermetra húsi að grunnfleti með risi. Þessi notkunarréttur er í algjörri þversögn við upphaflegt leyfisbréf sem einskorðaði notkunina við ræktunarstarf“ (Frímann Helgason, 2013). Um miðjan sjöunda áratuginn hóf Efnagerðin Valur starfsemi í húsinu. Varð það til þess að Clausen-hús fór að ganga undir nafninu Valshús (Frímann Helgason, 2013).

Niðurrif hússins var heimilað árið 2013 og það rifið sama ár.








Mynd 47: Clausen húsið, án ártals.

## Niðursuðuverksmiðja ORA

## Vesturvör 12

Elstu raflagnateikningar húss niðursuðuverksmiðju ORA eru frá árinu 1949 og byggingarár 1949. Byggt hefur verið húsið og því breytt í tímans rás. Hörður Björnsson arkitekt er höfundur viðbyggingar frá árinu 1971.



Mynd 49: Ásýndir. Aðaluppdráttur vegna viðbyggingar við Vesturvör 12, 1971.



Mynd 48: Starfsfólk í Niðursuðuverksmiðju ORA árið 1964.



## Málning hf.

Frá hausti 1947 til ársloka 1948 var Kópavogsskóli í nýbyggðu verksmiðjuhúsi í landi Marbakka. Það átti upphaflega að hýsa prentsmiðjuna og segir Hulda Jakobsdóttir frá því í æviminningum sínum að þarna hafi upphafið að prentsmiðjunni Odda verið.

Húsið, sem hýsti lengi fyrirtækið Málningu hf. brann árið 1987 og var ekki endurbyggt.




Mynd 50: Hús Málningar við Kársnesbraut, 1960.

## Vita- og hafnarmálastofnun

## Kársnesbraut 58a

Voldug skemma úr Hvítanesi í Hvalfirði sem var flutt á Kársnes.









## Kópavogsbraut 115

Höfundur: Óþekktur

Byggingarár: 1955

Biðskýli með sölubúð.






Mynd 51: Loftmynd, Kársnes 1954.

# Kópavogskaupstaður, félagslegar og samfélagslegar áherslur (1956–1962)

*Þótt segja megi með nokkrum sanni, að menningarstarfsemi fari ekki alltaf eftir ytri aðstæðum, er það þó staðreynd, að góð skilyrði lyfta undir hana. Varla var hægt að ætlast til þess lengur, að húsvillt félagasamtök héldu uppi þróttmiklu starfi. Ennfremur þótti okkur æskilegt, að Kópavogsbúar gætu notið listar og góðra skemmtana hér heima hjá sér, en til þess þurfti að byggja samkomuhús, sem fullnægði kröfum nútímans.“*
Hulda Jakobsdóttir

Þann 25. mars 1955 var lagt fram frumvarp til laga á Alþingi um bæjarstjórn í Kópavogi, síðar samþykkt, gegn vilja meirihluta hreppsnefndar Kópavogs. Fékk Kópavogur kaupstaðarréttindi 11. maí. Kosið var í bæjarstjórn í október sama ár og hélt Framfarafélagið meirihluta líkt og í næstu tvennum kosningum þar á eftir undir forystu Finnboga Rúts Valdimarssonar og síðar Huldu Jakobsdóttur.

Í hinum nýstofnaða Kópavogskaupstað var áfram byggt af miklum móð. Fulltrúum úr lóðanefnd ríkisins þótti nóg um og gagnrýndu bæjarfélagið fyrir að kasta til höndum og fara ekki eftir skipulagi eða mæla upp lóðir. Í yfirlýsingu nefndarinnar, sem birt var í Tímanum árið 1955, sagði meðal annars: „Byggingaryfirvöld höfnuðu samstarfi við lóðanefnd á þessum grundvelli með því að svara ekki framangreindum í bréfum og mæta ekki á fundi með þeim, sem boðaðir voru um málið, og að undanförnu hafa þau þumbast við að láta mæla út fyrir húsum þeirra, sem lóðir hafa fengið, en úthlutað á hinn bóginn ólöglegum byggingaleyfum til manna, sem engar lóðir höfðu sótt um til lóðanefndar, hvað þá fengið þær. Hefur allt þetta leitt til nokkurra árekstra og skapað hreint öngþveiti í byggingamálum Kópavogs, svo að sumir lóðarleiguhafar hafa orðið að grípa til þess ráðs, að ráða á eigin ábyrgð verkfræðinga til þess að mæla út fyrir húsum sínum og lóðum“ (*Tíminn*, 1955).

Breyting varð á fyrirkomulagi byggingaeftirlits með stofnun Kópavogskaupstaðar og frá árinu 1955 voru teikningar lagðar inn til samþykktar. Samfara íbúðauppbyggingu á seinni hluta sjötta áratugarins var hröð uppbygging í innviðum menntunar, menningar, heilbrigðis- og félagsþjónustu. Einnig varð mikill vöxtur í iðnaðarstarfsemi og þjónustu og árið 1957 hófu Strætisvagnar Kópavogs rekstur. Sama ár tók Hulda Jakobsdóttir við forystu bæjarins í stað eiginmanns síns Finnboga Rúts, sem fór í auknum mæli að sinna verkefnum sem alþingismaður og bankastjóri Útvegsbankans:

„Þegar Rútur hafði verið skipaður bankastjóri Útvegsbanka Íslands sumarið 1957 og var jafnframt alþingismaður, var annríki hans orðið svo mikið, að hann hætti sem bæjarstjóri Kópavogs og ég tók við því embætti. Illgjarnar tungur sögðu hann þá auðvitað hafa troðið konu sinni í starfið, af því að hann hefði ekki lengur tíma til að gegna því sjálfur,“ er haft eftir Huldu í endurminningum hennar þar sem hún benti á að það hefði verið auðveldara fyrir hana að gegna þessu embætti en flesta aðra, því að hún þekkti bæjarmálin vel og hafði tekið þátt í þeim frá upphafi á sama hátt og Finnbogi Rútur (Gylfi Gröndal, 1988:169–170).

Hulda, sem var fyrst kvenna til að gegna starfi bæjarstjóra á Íslandi, hafði verið formaður skólanefndar Seltjarnarneshrepps hins forna 1946–1948 og Kópavogshrepps 1948–1955, formaður fræðsluráðs Kópavogskaupstaðar frá 1955 og Kvenfélags Kópavogs 1952–1954 (Andrés Kristjánsson o.fl., 1990:26). Hún var því vel kunnug áskorunum sveitarfélagsins og var kjörin í embætti bæjarstjóra í bæjarstjórnarkosningum í upphafi árs 1958: „Bæjarstjórnarkosningar fóru fram 26. janúar 1958, og þá héldum við meirihlutanum; fengum aftur fjóra fulltrúa kjörna af sjö, svo að ég var áfram bæjarstjóri“ (Gylfi Gröndal, 1988:173).

Sama ár og Hulda tók við embætti bæjarstjóra, 1957, keypti Kópavogsbær allt land Digraness og Kópavogs af ríkinu og gat farið að úthluta lóðum og stýra eigin skipulagi til lengri tíma. Skipulag ríkisins sinnti þó áfram skipulagsgerð Kópavogs líkt og annarra kaupstaða landsins til ársins 1965. Sérstök byggingarnefnd Kópavogskaupstaðar var skipuð árið 1958 og sama ár var lokið við fyrsta heildarskipulagsuppdrátt fyrir Kópavog. Á næstu áratugum voru áfram talsverðar deilur um skipulagsmál í bænum, einkum vegna hraðra umskipta úr sveit í þéttbýli en einnig vegna landadeilna við Reykjavík. Til ýfinga kom með bæjaryfirvöldum í Kópavogi og Reykjavík upp úr 1960 vegna skipulagsáforma norðan Nýbýlavegar: „Bæjarstjórn Kópavogs mótmælir eindregið því tiltæki bæjaryfirvalda Reykjavíkur að efna til samkeppni utanlands og innan um skipulagningu á stóru landssvæði sem tilheyrir Kópavogskaupstað, þ.e. ræktuðu landi nýbýlanna norðan Nýbýlavegar, án samráðs og samþykkis bæjaryfirvalda í Kópavogi“ (Andrés Kristjánsson o.fl., 1990:64–65). Næstu áratugi var viðvarandi núningur milli skipulagsyfirvalda í Kópavogi og Reykjavík.

Að uppbyggingu mannvirkja menningar og mennta uppi á hæsta punkti Borgarholtsins og Digraneshæðarinnar var unnið af festu um leið og stjórnskipulag kaupstaðar bæjarins var formfest með skipan í ný ráð og embætti innan kaupstaðarins til að sinna framkvæmd og eftirliti í samræmi við landsins lög og reglur. Af mannvirkjagerð fyrsta áratugar Kópavogskaupstaðar í bæjarstjóratíð Finnboga Rúts og Huldu Jakobsdóttur bar hæst skólamannvirki, félagsheimili, kirkju og sundlaug Kópavogs, sem var órækur vottur um félagslegar og samfélagslegar áherslur.



Mynd 52: Kópavogskirkja fullbyggð. Án ártals.

## Kársnesskóli

Af málefnum skóla og uppbyggingu innviða segir Hulda eftirfarandi: „Ég hef áður minnst á skólamálin, en þau voru um langt skeið fyrirferðarmest allra mála og til þeirra var mestu fé varið. Það var ekki vanþörf á því, þar sem börnunum fjölgaði jafnt og þétt, enda var Kópavogur gjarnan nefndur bær æskunnar" (Gylfi Gröndal, 1988:175). Hulda segir ennfreur: „árið 1955 er Kópavogur orðinn kaupstaður. Þá dugir ekki lengur þriggja manna skólanefnd, svo að fimm manna fræðsluráði er komið á fót, og ég [Hulda] er líka kosin formaður þess. Í janúar 1956 var haldinn fundur í fræðsluráðinu, þar sem skólamálin almennt voru tekin til rækilegrar umfjöllunar, enda var nú öllum orðið ljóst, að í þeim ríkti hálfgert ófremdarástand. Við urðum sammála um, að ekki væri hægt að draga lengur að byggja tvo nýja skóla: barnaskóla og sérstakan gagnfræðaskóla. Samþykkt var svohljóðandi ályktun, sem markar nokkur tímamót í skólamálum okkar: „Fræðsluráð Kópavogskaupstaðar skorar á stjórnvöld að reisa þegar á komandi sumri svo mikinn hluta fyrirhugaðs barnaskóla á Kársnesi, að unnt sé að framfylgja gildandi lögum um fræðslu barna í kaupstaðnum. Jafnframt sé lokið byggingu barnaskólans á Digraneshálsi". Segja má, að það hafi verið hæg heimatökin hjá mér í þessu máli, eins og svo mörgum öðrum, því að Rútur var bæjarstjóri. Hann skrifaði húsameistara ríkisins [Herði Bjarnasyni] bréf og bað hann um að teikna nýjan barnaskóla, sem hægt væri að byggja í áföngum, þar sem hann þyrfti hann í notkun sem allra fyrst. Að fenginni teikningu hófust síðan framkvæmdir af krafti, og gengu svo vel, að Kársnesskóli hóf starfsemi sína í febrúar 1957" (Gylfi Gröndal, 1988:146).

## Félagsheimili

Félagsheimili Kópavogs var vígt 1959, fyrsti áfangi, neðsta hæðin og kvikmyndasalurinn. Hulda Jakobsdóttir lýsir framvindunni á eftirfarandi hátt:

„Bygging félagsheimilis var eitt brýnasta framfaramál okkar Kópavogsbúa, en um langt skeið hafði skortur á boðlegu samkomuhúsi torveldað eðlilega félagsstarfsemi í bænum. Það var árið 1956, að bæjarstjórn og nokkur félög í bænum bundust samtökum um byggingu félagsheimilis. Því var úthlutað lóð á hæðinni austan Hafnarfjarðarvegar, en sá staður er miðsvæðis í bænum og þaðan var víðsýnt í þá daga. Við settum markið hátt og ætluðum að byggja í áföngum stóra og mikla menningarmiðstöð, sem ekki aðeins átti að veita okkur tækifæri til að njóta margs konar lista-, menningar- og skemmtistarfsemi heimafyrir, heldur einnig auka hróður bæjarins út á við. Sem dæmi um ákafann við að koma húsinu upp má nefna, að efnt var til happdrættis í fjáröflunarskyni og aðalvinningurinn var fokhelt einbýlishús, sem stuðningsmenn félagsheimilisins reistu í sjálfboðavinnu" (Gylfi Gröndal, 1988:173–174).



Mynd 53: Kársnesskóli, 1957.



Mynd 54: Félagsheimili Kópavogs um 1965.

# Kópavogskirkja

*Mér finnst allt hafa heppnast vel varðandi Kópavogskirkju, staðurinn, teikning Harðar Bjarnasonar – og síðast en ekki síst steindir gluggar Gerðar Helgadóttur listakonu*
Hulda Jakobsdóttir

Kópavogskirkja var teiknuð árið 1957 af Herði Bjarnasyni, þáverandi húsameistara ríkisins og Ragnari Emilssyni og vígð árið 1962. Yfirsmiður var Siggeir Ólafsson (Andrés Kristjánsson o.fl., 1990:42).

Í upphaflegum skipulagsuppdrætti undirrituðum af sama Herði Bjarnasyni, þá skipulagsstjóra, árið 1949 var kirkja staðsett þar sem Hlégerði er nú en ekki í Borgarholtinu, en í *Sögu Kópavogs* kemur fram að Borgunum hafi hreppsstjórnendur haldið óbyggðum, allt frá því þeir tóku við umráðum landsins árið 1946, með það fyrir augum að þar risi kirkja (Andrés Kristjánsson o.fl., 1990:42). Í bæjarstjórnartíð sinni lögðu Finnbogi Rútur og Hulda mikla áherslu á að opinberar byggingar í bænum stæðu efst á Digraneshálsi. Þetta viðhorf hafði mikil áhrif á mótun bæjarmyndarinnar og þá háborg menningar sem rís í Borgarholtinu. Kópavogskirkja trónir þar hæst og kallast á við kirkjur sem rísa upp úr byggðinni á Skólavörðuholti og Landakotshæð í Reykjavík og Valhúsahæð á Seltjarnarnesi.

Í bók sinni segir Hulda: „Þegar á fyrsta eiginlega safnaðarfundinum okkar, sem haldinn var 11. október 1953, var ákveðið að byggja kirkju á Borgarholtinu, sem hreppsnefndin hafði haldið óbyggðu í því skyni. Þegar við höfðum fengið þeirri skemmtilegu lóð úthlutað formlega, leituðum við til húsameistara ríkisins, Harðar Bjarnasonar, og hann teiknaði kirkju, sem við vorum einkar ánægð með“ (Gylfi Gröndal, 1988).

Hinn 16. ágúst 1958 var grunnurinn vígður og um haustið var hann ruddur og undirstöður steyptar. Á árinu 1959 var gengið frá gólfplötu, og árið 1960 var kirkjan steypt upp og múrhúðuð að utan. Með orðum Huldu var „kirkjan fjögur ár í smíðum, og æ fleiri félagasamtök studdu hana. Ég held að það séu engar ýkjur að segja, að undir lokin hafi allur almenningur í bænum staðið einhuga að byggingunni“ (Gylfi Gröndal, 1988).

Í bók sinni segir Hulda einnig frá steindu gluggunum í kirkjunni: Tildrög þeirra voru þau, að ég fór með Rúti á þingmannaráðstefnu í Brussel, og á heimleiðinni dvöldum við um hríð í París. Við komum í miðaldadómkirkjuna í Chartres, en þar eru einhverjir fegurstu steindir gluggar, sem til eru í heiminum.

Ég heillaðist svo af þeim, að ég hét því með sjálfri mér, að glerlistaverk skyldu prýða Kópavogskirkju hvað sem það kostaði. Þegar heim kom, ræddi ég málið við samstarfsmenn mína, og á fundi safnaðarnefndarinnar litlu síðar var mér falið að leita til Gerðar Helgadóttur, sem búsett var í París. Hún hafði gert nokkra kirkjuglugga með góðum árangri í samvinnu við Oidtmann-bræður í Þýskalandi, sem önnuðust uppsetningu þeirra.

Sú hugmynd kom fram að bjóða verkið út, en mér tókst að koma í veg fyrir það. Við konurnar í Kópavogi vorum stoltar af frama Gerðar Helgadóttur erlendis og hún var Kópavogsbúi; hafði flust hingað ung með foreldrum sínum, Helga Pálssyni tónskáldi og konu hans, Sigríði Erlendsdóttir. Ég vildi fá hana til að vinna þetta verk og engan annan. [...]

Þegar Oidtmann-bræður komu í heimsókn til mín hingað á Marbakka, bakaði ég alltaf fyrir þá pönnukökur, því að þeim þóttu þær svo góðar. Þeir gáfu mér að skilnaði steindan glugga eftir Gerði Helgadóttur og settu hann upp hér í stofunni hjá mér “ (Gylfi Gröndal, 1988: 181).

Kópavogskirkja var vígð 16. desember 1962. Meðal viðstaddra voru forseti Íslands og biskup Íslands.





Mynd 56: Kópavogskirkja fullbyggð. Án ártals.



Mynd 55: Gerður Helgadóttir og Fritz Oidtmann vinna að gerð steindu glugganna í Kópavogskirkju. Án ártals.




Mynd 57: Kópavogskaupstaður á yfirlitsuppdrætti Teiknistofu Skipulagsins, 1958 sem sýnir nýja staðsetningu skóla og hugmyndir um landfyllingu norðvestast á Kársnesi.




Mynd 59: Skipulagsuppdráttur 1961.




Mynd 60: Högna Sigurðardóttir með líkan sitt að Sundlaug Kópavogs, 1962.



# Sundlaug og skemmtigarður

*[...] og nú datt okkur í hug að byggja sundlaug í garðinum til að efla hreysti og vellíðan Kópavogsbúa*
Hulda Jakobsdóttir

Um 1959 var hafist handa við gerð fyrsta almenningsgarðsins í Kársnesi með því að gróðursetja skjólbelti umhverfis Rútstún. Á næstu árum var svo jafnt og þétt aukin gróðursetning trjáa á svæðinu (Kópavogsbær 1993:13). Annar og stærri garður var einnig í bígerð, en eitt af síðustu verkum í bæjarstjóratíð Huldu var að láta teikna sundlaug, sem byggja skyldi á Rútstúni: „Við afhentum Kópavogsbæ það á sínum tíma með því skilyrði að þar yrði skemmtigarður, og nú datt okkur í hug að byggja sundlaug í garðinum til að efla hreysti og vellíðan Kópavogsbúa. [...] Ég fékk ungan arkitekt, Högnu Sigurðardóttur, til að teikna sundlaugina, og hún leysti það verkefni snilldarlega af hendi, eins og hennar var von og vísa“ (Gylfi Gröndal, 1988:175).

Högna gerði tvær tillögur að sundlauginni. Þá fyrri Sundlaug og almenningsgarður Kópavogs árið 1962, og hina síðari árið 1985, en fyrri tillaga Högnu að sundlaug og almenningsgarði Kópavogs, sem auk sundlaugar sýndi útfærslu hella, gróðurhúss, vatnaleiksvæðis o.fl. sem átti að auka heildarupplifun laugargesta, var valin á sérstaka sýningu, „Spaces for Sports and Culture“ sem var hluti af XIX. Ólympíuleikunum í Mexíkó árið 1968 (Katrín Heiðar, 2022:7).

Einföld útfærsla laugarinnar sem byggði á fyrri tillögunni var tekin í notkun árið 1967. „Fyrsti áfangi sundlaugarinnar var fljótlega reistur; snotur innilaug, sem kom í góðar þarfir, en var óðara orðin alltof lítil fyrir hinn ört vaxandi bæ“ (Gylfi Gröndal, 1988:176). Síðan gerðist ekkert í mörg ár, segir Hulda Jakobsdóttir í æviminningabók sinni.

Sundlaugin var verkefni sem Hulda náði aðeins að fylgja úr vör og gegnum fyrstu áfanga en ekki til enda. Árið 1962 voru á ný bæjarstjórnarkosningar en Hulda og Finnbogi Rútur buðu sig ekki fram að nýju. Þar með lauk ákveðnum kafla í sögu Kársness.



Mynd 61: Nærmynd af líkani sem sýnir nánar útfærða tillögu að lóðarhönnun og áhorfendapölllum, 1962.




Mynd 62: Tillaga Högnu að heildarskipulagi fyrir sundlaug og almenningsgarð á Rútstúni, 1962.




Mynd 63: Tillaga að útliti sundlaugarinnar, 1962.



Mynd 64: Þrívíddarteikningar af heildarskipulagi garðsins, 1962.




Mynd 65: Loftmynd, Kársnes 1959.

# Hröð uppbygging, malbik og módernismi (1962–1970)

*Eftir því sem byggð hefur þést og fólki fjölgað, hafa barnaleikvellir verið gerðir víða í bænum, þar af nokkrir gæzluvellir, þar sem yngstu borgararnir geta unað óhultir fyrir umferð og öðrum hættum*
Kópavogsbær, 1965

Árið 1962 voru íbúar í Kópavogi um sjö þúsund en allan sjöunda áratuginn átti sér stað mikil og hröð uppbygging og voru íbúar orðnir rúmlega ellefu þúsund árið 1970 (Andrés E. Kristjánsson, 1990:247). Byggðin á Kársnesi hafði þá að miklu leyti tekið á sig núverandi mynd og árið 1972 náði íbúafjöldi í Kársnesi hámarki eða rúmlega 5.000 íbúar (Kópavogsbær, 2018).

Með stofnun byggingarnefndar bæjarins árið 1958 tók skipulag og byggðarþróun á sig formlegri mynd og ekkert hús sem reist er eftir 1960 á Kársnesi er höfundarlaust, ólíkt mörgum húsum sem höfðu risið fram að því.

Skipulagsvinna fyrir Kópavog var á höndum Skipulags ríkisins fram til ársins 1965 en að loknum bæjarstjórnarkosningum árið 1962 kaus bæjarstjórn í fyrsta sinn skipulagsnefnd og var Páll Hannesson bæjarverkfræðingur kjörinn formaður skipulagsnefndar, sem var ráðgefandi um skipulagsmál bæjarins. Einar Júlíusson hvarf hins vegar frá störfum sínum fyrir Kópavogskaupstað árið 1963 og var þá orðinn heilsulítill: „Á árunum 1962 og 1963 voru lóðaúthlutanir í hámarki hér í Kópavogi og starf byggingarfulltrúa því fyrirsjáanlega stóraukið. Á þessum tíma var heilsu Einars svo farið, að honum var ljóst, að hann mundi ekki geta annað starfinu eins og hann vildi“ (Þjóðviljinn, 1965). Sama ár og Einar lauk störfum fyrir Kópavogsbæ var arkitektinn Skúli Norðdahl ráðinn skipulagsarkitekt í Kópavogi og starfaði sem slíkur til ársins 1986.

Nágrannasveitarfélög Kópavogs á höfuðborgarsvæðinu uxu einnig verulega á þessum tíma, byggðin tók að vaxa saman og þörf var á nánara samstarfi um framtíðaráætlanir. Samvinna sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins um svæðisskipulagningu hófst árið 1960 þegar skipuð var samvinnunefnd sveitarfélaga skv. ákvæðum nýrra skipulagslaga frá 1964 og samþykkti nefndin drög að sameiginlegri skipulagsáætlun höfuðborgarsvæðisins (Reykjavíkurborg, 1966:204). „Nú í dag eru Reykjavík, Kópavogur og Hafnarfjörður á margan hátt ein borg,“ var ritað í greinargerð með skipulaginu og því til rökstuðnings m.a. vísað til greiðra strætisvagnaferða milli sveitarfélaganna (Reykjavíkurborg, 1966:206).

Athyglisvert er að samkvæmt frumdrögum svæðisskipulagsins nær grænt útivistarsvæði höfuðborgarsvæðisins, sem má líta á sem upphafið að Græna treflinum, ekki til Kársness, sem er skilgreint sem íbúðasvæði og iðnaðarsvæði og þjónustusvæði við Rútstún.

Skipulagsstjórn ríkisins hafði ýtt mjög undir samkeppni um skipulag miðbæjarins í Kópavogi, og var unnið að undirbúningi samkeppninnar frá árinu 1963 til 1969 og lágu niðurstöður fyrir síðar sama ár. Þá voru unnir fyrstu áfangar í varanlegri gatnagerð og er byrjað að leggja slitlag á götur bæjarins á sjöunda áratugnum (Andrés E. Kristjánsson, 1990:28).

Um leið og ný byggð óx voru gerðar breytingar á elstu byggðinni. Vegstæði Kársnesbrautar var hækkað töluvert á árunum 1964–1969. Seinna var því innkeyrslum margra húsa norðan Kársnesbrautar breytt og eru nú frá Huldubraut, Marbakkabraut og Helgubraut.



Mynd 66: Séð yfir Kársnes árið 1966.




Mynd 67: Loftmynd, Kársnes 1965.

# Í örum vexti

Hjálmar Ólafsson var kjörinn bæjarstjóri árið 1962, en líkt og fyrirrennari sinn beitti hann sér fyrir skóla-, félags- og menningarmálum (Andrés E. Kristjánsson, 1990:27).

Ör vöxtur samfélagsins kallaði enda á skóla og leikskóla og reis leikskólinn Kópasteinn við Ásbrú eftir teikningum Bárðar Daníelssonar árið 1964. Og árið 1968 var hafist handa við byggingu Þinghólsskóla sem reis við Kópavogsbraut eftir teikningum Teiknistofunnar Óðinstorgs. Í holtum og hæðum þar sem áður voru óskilgreind leiksvæði voru afmarkaðir gæsluvellir. Auk gæsluvallar þar sem nú er Stelluróló við Borgarholtsbraut var gæsluvöllur við Borgarvöll við Hábraut, sunnan leikskólans Kópasteins.

Auk metnaðarfullrar mannvirkjauppbyggingar var áhersla á umhverfismótun. Hlégerðisgarður er afmarkaður á sjöunda áratugnum og frá árinu 1964 hafa verið veittar viðurkenningar fyrir snyrtilegt umhverfi og fallega garða í Kópavogi, þar af eru fjölmargir á Kársnesi (Kópavogsbær, 1993).



Mynd 68: Börn á dagheimilinu Kópasteini. Fjölbýlishús við Ásbraut sést í bakgrunni og félagsheimili Kópavogs enn fjær. Án ártals.

# Teiknað fyrir alþýðuna

Fjöldi tvíbýlishúsa reis á Kársnesi á sjöunda áratugnum, mörg hver eftir teikningum Kjartans Sveinssonar t.a.m. við Holtagerði þar sem er að finna athyglisverðar heildir. Einnig er stórt fótspor bygginga sem voru teiknaðar og reistar fyrir Húsnæðismálastofnun ríkisins. Þar á meðal nokkur parhús í Skólagerði, einbýli við Holtagerði og Meðalbraut og fjölbýlishús við Ásbraut sem rísa annars vegar eftir teikningum Húsnæðismálastofnunar og hins vegar Kjartans Sveinssonar. Nyrsta fjölbýlishúsið við Sæbólsbraut rís einnig eftir teikningum Kjartans.

Kjartan Sveinsson

Húsnæðismálastofnun Ríkisins



Mynd 69: Hús á Kársnesi teiknuð á teiknistofu Húsnæðismálastofnunar Ríkisins annars vegar og af Kjartani Sveinssyni hins vegar.

# Fyrstu fjölbýlishúsin

Fyrstu fjölbýlishúsin á Kársnesi risu við Ásbraut í námunda við Kópavogsgjána. Háreist byggð á austurjaðri Kársnesbyggðarinnar.




Mynd 70: Tillaga Teiknistofu Skipulagsins að staðsetningu fjölbýlishúsa, 1960.




Mynd 72: Ásbraut 3-5, 2023.



Mynd 71: Ásbraut 15-17, 2023.

## Ásbraut 3-5

Höfundur: Gunnlaugur Pálsson

Byggingarár: 1960

Elsta fjölbýlishúsið á Kársnesi.





## Ásbraut 15-17

Höfundur: Húsnæðismálastofnun Ríkisins

Byggingarár: 1969

Fjölbýlishús reist eftir teikningum Húsnæðismálastofnunar ríksisins.



## Skólagerði 19-21

Höfundur: Húsnæðismálastofnun Ríkisins

Byggingarár: 1967

Við Skólagerði eru mörg parhús. Þar á meðal þrjú lágstemmd og fíngerð parhús með tvílyftum íbúðum, reist eftir teikningum Húsnæðismálastofnunar ríkisins.









## Kársnesbraut 47

Höfundur: Óli Ásmundsson

Byggingarár: 1966

Dæmi um tvíbýli á tveimur hæðum og bílskúr í kjallara.













**Holtagerði 50**

Höfundur: Kjartan Sveinsson

Byggingarár: 1965

Algeng húsagerð frá 7. áratugnum eru tvíbýli á tveimur hæðum með skáþak og áfasta bílskúra.









**Holtagerði 41**

Höfundur: Kjartan Sveinsson

Byggingarár: 1965

Dæmi um veglegt einbýli með bílskúr.





## Ræktunarreitir verða lóðir og afmörkun almenningsgarða

Þegar byggðin þéttist var algengt að eldri ræktunarreitir væru klipptir í sundur til að svara eftirspurn eftir byggingarlóðum. Meðalbraut er dæmi um götu sem er byggð inn á milli tveggja gatna – eins og nafnið gefur til kynna. Hús með heimilisfang við Meðalbraut standa aðeins norðan götu á lóðum sem áður tilheyrðu Skjólbraut. Á sama tíma er skipulögð byggð norðan megin Skjólbrautar þar sem rísa einbýli.



Mynd 76: Skjólbraut 18, 2023.




Mynd 74: Skipulagsuppdráttur fyrir Meðalbraut. Án ártals.



Mynd 75: Skjólbraut 7, 2023.

## Skjólbraut 18

Höfundur: Jörundur Pálsson

Byggingarár: 1967

Jörundur Pálsson starfaði sem arkitekt hjá Húsameistara ríkisins í 25 ár. Einbýlishúsið við Skjólbraut 18 er gott dæmi um höfundaverk hans.

















## Meðalbraut 16

Höfundur: Kjartan Sveinsson

Byggingarár: 1967

Dæmi um einbýli á Meðalbraut sem er skotið inn milli Skjólbrautar og Kópavogsbrautar.











# Skipulag undir Borgum

Landslag sem brotið var undir byggð á Kársnesi á sjöunda áratugnum kallaði á ólíkar úrlausnir, eftir því hvort byggt var í grýttu holti eða niðri við vog. Samfara þéttingu var byggt á lóðum þar sem aðstæður voru krefjandi; byggðin mótaðist því af landslaginu sem kallaði á ólíkar úrlausnir.

*Kastalar* voru vestasti hlutinn af Borgunum. Hluti þeirra lenti undir Kastalagerði og húsunum austan við götuna. Þar var talið að byggi huldufólk (Kópavogsbær, 1993:15). Dæmi eru um lóðir á Hraunbraut og við Kastalagerði sem eru krefjandi vegna urðar og landhalla sem hafði mótandi áhrif á mörg hús sem risu á sjöunda áratugnum. Byggt var í talsverðum landhalla og grýttu landslagi eins og á syðstu lóðunum við Kastalgerði þar sem grjótið verður hluti af byggingu og landslagi.



Mynd 77: Brot úr vinnuteikningu fyrir skipulag og úthlutun nýrra lóða undir Borgum, líklega frá um 1960.





Mynd 79: Austurgerði 9, 2023.



Mynd 80: Kastalagerði 13, 2023.



Mynd 81: Kastalagerði 11, 2023.

**Kastalagerði 13**

Höfundur: Kjartan Sveinsson

Byggingarár: 1968








**Kastalagerði 11**

Höfundur: Hörður Björnsson

Byggingarár: 1966









## Hraunbraut 27

Höfundur: Gunnar Hansson

Byggingarár: 1969



## Austurgerði 9

Höfundur: Gunnar Hansson

Byggingarár: 1969



# Skipulag við suðurströnd Kársness

Við suðurströnd Kársness risu lágreist og arkitektateiknuð einbýlishús eftir uppdrætti frá teiknistofu Skipulagsins frá 1960, villur við sjóinn sem mynda heildstætt hverfi módernísks arkitektúrs á Íslandi. Uppdrátturinn nær til svæðisins suður af Þinghólsbraut og vestur af Urðarbraut þar sem ræktunarreitir náðu upphaflega að ströndinni frá norðri til suðurs og mynduðu langar mjóar ræmur sem skipt var upp í átta lóðir að meðaltali. Á uppdrættinum er veglegur göngustígur við ströndina og göngutenging úr byggðinni ofar á nesinu sem þverar gótureitinn milli Kópavogs- og Þinghólsbrautar. Hefur sú göngutenging fest sig í sessi. Byggðin er skipulögð heildrænt þannig að hún hækkar með landinu, einlyft hús næst ströndinni, hús sem eru ein og hálf hæð norðan Sunnubrautarinnar og tveggja hæða hús sunnan Þinghólsbrautar. Einbýlishúsin sem rísa í anda skipulagsins á skömmum tíma mynda sterka heild um módernísk einbýlishúsabyggð frá sjöunda áratugnum og eru um leið góð dæmi um höfundarverk arkitekta eins og Högnu Sigurðardóttur, Hannesar Kr. Davíðssonar, Guðmundar Kr. Kristinssonar, Gunnars Hanssonar, Manfreðs Vilhjálmssonar og Skarphéðins Jóhannssonar. Ólíkt hógværum híbýlum sem risu á Kársnesi í upphafi byggðar voru mörg þessara húsa reist af meiri efnum.




Mynd 82: Tillaga að skipulagi við suðurströnd Kársness, 1960.




Mynd 83: Sunnubraut á framkvæmdastigi. Án ártals.



Mynd 84: Sunnubraut 46 (Guðmundur Þ. Pálsson). Án ártals.



Mynd 85: Sunnubraut 6-10 (Guðm. Kr. Kristinsson). Án ártals.

## Sunnubraut 34

Sunnubraut 34 og 40 voru vinningar í happdrætti DAS árið 1963. Sunnubraut 34 var aðalvinningur.




Mynd 86: Auglýsing úr Morgunblaðinu, aðalvinningur happdrættis DAS, 1964.



Mynd 87: Myndasería af Sunnubraut 34 við afhendingu 1964.

## Sunnubraut 34

Höfundur: Kjartan Sveinsson
Innanhúsarkitekt: Steindór Sigurðsson

Byggingarár: 1964

Einlyft einbýli á hálfum kjallara. Aðalhæð hússins situr í efsta punkti landhalla og bílskúr skotið undir íveruhæðina.







## Sunnubraut 40

Höfundur: Kjartan Sveinsson

Byggingarár: 1963

Einlyft einbýli á hálfum kjallara. Sunnubraut 40 er annað dæmi um DAS happdrættishús á Kársnesi. Húsið opnir sig mót suðri.







## Sunnubraut 6-10

Höfundur: Guðmundur Kr. Kristinsson

Byggingarár: 1963

Einlyft einbýli með sjávarútsýni. Byggð voru þrjú eins hús við Sunnubraut 6-10.









## Sunnubraut 23

Höfundur: Manfreð Vilhjámsson

Byggingarár: 1961





Mynd 88: Grunnmyndir og ásýndir.

## Sunnubraut 31

Höfundur: Gunnar Hansson

Byggingarár: 1966

Á teikningum er gert ráð fyrir bátageymslu á neðri hæð og bílgeymslu á efri hæð.















## Sunnubraut 33

Höfundur: Skúli Norðdahl

Byggingarár: 1963











## Sunnubraut 43

Höfundur: Guðmundur Kr. Guðmundsson

Byggingarár: 1969



## Þinghólsbraut 69

Höfundur: Ó. H. Hertervig

Byggingarár: 1961



# Norðurströndin skipulögð undir athafnasvæði

Á frumdrætti að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins voru norður- og vesturströnd Kársness skilgreindar sem iðnaðar- og athafnasvæði. Áætlað var að Sundahöfn Reykjavíkur yrði mesta höfnin á höfuðborgarsvæðinu en bent á að á norðan- og vestanverðu Kársnesi gætu komið minni háttar hafnarmannvirki og athafnasvæði (Reykjavíkurborg, 1966:206).




Mynd 89: Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, 1962. Dökkblár litur táknar iðnaðarsvæði og sýnir að við upphaf sjöunda áratugarins var eingöngu gert ráð fyrir iðnaðarstarfsemi meðfram norðurströnd Kársness.

## Verslunarkjarni í Sæbólslandi

Innan vaxandi byggðar óx einnig verslun og árið 1968 var reist verslunar- og íbúðarhúsnæði við Borgarholtsbraut 69, eftir teikningum Ingva Gestssonar. Byggingarvinna og framkvæmdir í Kársnesi voru að miklu leyti í höndum íbúanna sjálfra og því ekki óeðlilegt að byggingarvöruverslun hæfi þar rekstur sem varð úr árið 1962 þegar Byggingavöruverslun Kópavogs opnaði verslun að Kársnesbraut. Þar var fyrir blómaskáli Þórðar ásamt fleiri verslunum og bensínstöð sem mynduðu orðið þyrpingu rétt vestan við Hafnarfjarðarveg. Nágranni forstjóra byggingarvöruverslunarinnar, Guðmundar Jónssonar, var Kristín Þorkelsdóttir hönnuður sem rak þá auglýsingastofu á heimili sínu að Lindarhvammi 13 í Kópavogi. Guðmundur frétti af því að hún „Kristín næsta húsi væri ágæt í að búa til merki“. Árið 1967 bankaði hann upp á hjá henni og sagðist vilja gott merki. „Kristín hófst strax handa við að útbúa merkið með því að raða átta formum lítilla ljósblárra húsa umhverfis skammstöfun á nafni fyrirtækisins, BYKO“ (Birna Geirfinnsdóttir og Bryndís Björgvinsdóttir, 2021:40). Þessa skammstöfun, sem átti eftir að festa sig í sessi, hafði fyrirtækið ekki notað áður nema sem símskeytaheiti. Merkið er enn við lýði sem merki verslunarinnar sem er nú fyrst og fremst þekkt undir nafninu BYKO.




Mynd 90: Byggingavöruverzlun Kópavogs við Kársnesbraut. Án ártals.



Mynd 91: Verslunarkjarni í Sæbólslandi á sjöunda áratugnum. Án ártals.




Mynd 92: Innsti hluti Kársness á sjöunda áratugnum. Án ártals.

# Iðnaðarhús á hafnarsvæði

Á sjöunda áratugnum var gert skipulag fyrir iðnaðarhúsnæði á stórum mælikvarða á vesturhluta Kársness.

Af húsum sem risu má þar nefna Fiskiðnaðarhús Ragnars Aðalsteinssonar að Kársnesbraut 104 og Stálskipasmiðjuna að Vesturvör 14. Samfella iðnaðarhúsnæðis myndaðist við Hafnarbraut. Í hönnun iðnaðarhúsnæðis er áherslan á notagildi. Húsnæðið er yfirleitt einfalt með opið plan sem gerir það sveigjanlegt og getur verið kostur þegar á að umbreyta, endurskilgreina og laga húsin að nýrri notkun.




Mynd 93: Skipulagstillaga fyrir staðsetningu iðnaðarhúsa undirrituð af Páli Hannessyni bæjarverkfræðingi árið 1963.



## Efnagerðin Valur

## Kársnesbraut 106

Höfundur: Hörður Björnsson

Byggingarár: 1966



Mynd 94: Afstöðumynd og grunnmynd.
Aðaluppdrættir fyrir Efnagerðina Val að Kársnesbraut 108, 1962.



**Fiskiðnaðarhús Ragnars Aðalsteinssonar**

**Kársnesbraut 104**

Byggingarár 1970

Baldur Friðriksson teiknar.








**Stálskipasmiðjan**

**Vesturvör 14**

Byggingarár: 1964

Björn Emilsson teiknar.





**Hafnarbraut 2**

Byggingarár: 1965
Viðbygging: 1975

Sig. R. Halldórsson teiknar viðbyggingu.








Mynd 97: Loftmynd, Kársnes 1970.

# Fyrsta aðalskipulag Kópavogs, aukin umferð og þéttari byggð (1969–1979)

Vinna við fyrsta heildarskipulag Kópavogs hófst árið 1965 í kjölfar gildistöku nýrra skipulagslaga frá 1964. Skipulagið, sem tók til svæðisins vestan Reykjanesbrautar, var samþykkt af Kópavogsbæ árið 1970 en þó ekki staðfest af ráðherra skipulagsmála (Kópavogsbær, 2022). Í aðalskipulaginu var meirihluti svæðisins norðan Kársnesbrautar skilgreindur sem iðnaðarsvæði eða opið svæði og aðeins lítið brot skilgreint sem íbúðasvæði. Eftir áratugi hraðrar uppbyggingar var landsvæði Kársness enda að miklu leyti fullnýtt þegar komið var fram á áttunda áratuginn og hægðist því á uppbyggingu, sér í lagi íbúðauppbyggingu.

### Kópavogsgjá

Nýjar skipulagsáherslur í Kópavogi sem höfðu áhrif á byggðarþróun á Kársnesi á áttunda áratugnum voru samgöngumiðaðar. Aukinn þungi í umferð um höfuðborgarsvæðið kallaði á nýjar útfærslur. Hafnarfjarðarvegur var orðinn fyrirferðarmikill og markaði skil á milli vesturbæjar og austurbæjar Kópavogs. Þegar Kópavogsgjáin varð að veruleika árið 1970 var greidd leið fyrir akandi umferð í gegnum Kópavog, en um leið skerptist aðgreiningin milli Kársness og Kópavogs austan gjár.

### Nýr miðbær

Árið 1970 samþykkti skipulagsnefnd Kópavogsbæjar tillögur um að auka umferðartengsl við miðbæinn umfram það sem lagt var upp með í skipulagssamkeppni um miðbæ Kópavogs, sem og að auka byggingarmassa svæðisins og að deiliskipulag skyldi unnið undir umsjón skipulagsarkitekts bæjarins (Andrés Kristjánsson, 1990:77–78). Eins og kemur fram í Aðalskipulagi Kópavogs frá 1969 var meginhugmyndin að staðsetja miðbæ á mörkum vesturbæjar og austurbæjar Kópavogs. Ný byggð myndi því brúa bilið yfir Hafnarfjarðarveg og sameina þessa ólíku bæjarhluta. Árið 1972 er gefið út rit þar sem skipulagshugmyndir fyrir miðbæ í Kópavogi eru kynntar. Sama ár voru fyrst settar fram hugmyndir um menningartorfu á svæðinu frá Hamraborg að Digranesvegi, milli Borgarholts og Vallartraðar (Kópavogsbær, 2018). Heildarskipulag miðbæjarsvæðisins í Kópavogi beið þó nánari útfærslu og framkvæmda fram á áttunda og níunda áratug. Miðbær Kópavogs var hannaður í áföngum á áttunda áratugnum og framkvæmdum við Hamraborg lauk að mestu árið 1984. Grunnhugmyndin um að staðsetja nýja byggð á brú fyrir ofan Hafnarfjarðarveg, sem kom fram í skipulaginu frá 1972, hélt þó ávallt velli.

### Umhverfisáherslur

Samfara áherslu á samgönguinnviði til að svara vexti byggðar og umferðaraukningu komust umhverfis- og náttúruverndarsjónarmið í kastljósið á áttunda áratugnum. Fyrsta umhverfisráðstefna Sameinuðu þjóðanna var haldin í Stokkhólmi árið 1972 og markaði upphaf samvinnu um umhverfismál á vegum Sameinuðu þjóðanna (Grieger, 2012). Meðal niðurstaðna sem kynntar voru á ráðstefnunni voru skýrslan *Aðeins ein jörð* og drög að sáttmála um lista yfir heimsminjar sem unnið hafði verið að frá árinu 1962. Þetta voru áhrifamikil skref í alþjóðlegri samvinnu um náttúru- og minjavernd, sem áttu eftir að hafa áhrif á skipulag og byggðarþróun á Kársnesi líkt og annars staðar.





Mynd 98: Hamraborg í mótun og Kópavogsgjáin í forgrunni. Án ártals.



Mynd 99: Börn að leik við brú yfir Kársnesbraut sem er í byggingu, 3. október 1969. Daginn eftir var vegurinn undir brúnna tekin í notkun.

## Umferðaraukning



Mynd 101: Uppdráttur af breyttu umferðarkerfi miðbæjar, 1972.




Mynd 100: Götur og gangstígar samvkæmt skipulagstillögu 1969.



## Nýr miðbær

Efnt var efnt til hugmyndasamkeppni um skipulag miðbæjarsvæðisins og umræða um uppbyggingu miðbæjar átti eftir að vera áberandi í skipulagsmálum Kópavogskaupstaðar út áttunda áratuginn.



Mynd 102: Skipulagstillagan, 1972.



Mynd 103: Líkan af skipulagstillögunni, 1972.



Mynd 104: Tengingar og flæði í almenningsrýminu, 1972.

# Aukinn þéttleiki

Þegar komið var fram á áttunda áratuginn var lítið eftir af lausum lóðum á Kársnesinu og gætti tilhneigingar til að auka nýtingu í samanburði við byggðina sem fyrir var. Algeng húsagerð frá þessum tíma er fjölbýlishús með tveimur til þremur íbúðum á hæð, nokkur húsanna eru teiknuð af Kjartani Sveinsyni í módernískum anda. Veglegt verslunarhús rís eftir teikningu Hannesar Kr. Davíðssonar á mótum Urðarbrautar og Hófgerðis, módernískt hús í anda sjöunda áratugarins, en fyrstu áform og teikningar af verslunarhúsnæði á þeim reit eru þó talsvert eldri. Byggt var við sjávarbakkann norðan megin á Kársnesinu, Marbakkabraut verður til austur af Marbakka þar sem rísa einbýli við ströndina sem einkennast af háum mænisþökum eins og Marbakkabraut 26, sem rís eftir teikningum Manfreðs teikiningum Vilhjálmssonar.

## Brútalismi og póstmódernismi

Einnig fer að gæta áhrifa brútalisma og póstmódernisma sem koma fram í íbúðar- og þjónustuhúsnæði, til að mynda fjölbýlishús sem reis eftir teikningum Harðar Harðarsonar við Kársnesbraut 31 og tvíbýlishús að Ásbraut 2 sem rís eftir teikningum Helga og Vilhjálms Hjálmarssona hjá Teiknistofunni Óðinstorgi.

Við Kópavogsbraut var lokið við byggingu Þinghólsskóla sem hafist var handa við að byggja árið 1968 og var reistur og tekinn til notkunar í áföngum. Skólabyggingin, sem er teiknuð af Helga og Vilhjálmi Hjálmarssonum á Teiknistofunni Óðinstorgi, ber einkenni brútalisma líkt og nýja miðbæjarbyggðin við Hamraborg sem teiknuð er af Benjamín H. Magnússyni og ofannefnt fjölbýlishús Harðar Harðarsonar við Kársnesbraut. Einkennandi er efnismikil og hrá steinsteypa sem er jafnan rákuð, skýr formgjöf með ýktar útlínur glugga, svala og dyragátta sem mynda geómetrísk form, á stundum skúlptúrísk og mynda uppbrot í steyptan massann. Þannig einskorðast form byggingar ekki aðeins við hlutverk hennar, heldur fær hönnun arkitektsins ákveðið gildi sem sjálfstætt listaverk. Slíka drætti mátti þegar sjá í fyrstu tillögu Högnu Sigurðardóttur að Sundlaug Kópavogs frá árinu 1962, sem var í senn einstakt og framsækið verk.



**Kópavogsbraut 85**

Höfundur: Kjartan Sveinsson

Byggingarár: 1978

Dæmi um lítið fjölbýlishús





## Kársnesbraut 31

Höfundur: Hörður Harðarson

Byggingarár: 1978

Dæmi um tvíbýlishús.







## Ásbraut 2

Höfundur: Teiknistofan
Óðinstorgi

Byggingarár: 1980

Dæmi um tvíbýlishús.





## Marbakkabraut 26

Höfundur: Manfreð Vilhjálmsson

Byggingarár: 1978








## Meðalbraut 2

Höfundur: Vífill Magnússon

Byggingarár: 1979





## Þinghólsskóli

Höfundur: Teiknistofan Óðinstorg

Byggingarár: 1968-1982

Upprunalegu var inngarður í miðjunni með trjágróðri en síðar var byggt þak yfir garðinn.













Mynd 105: Þinghólsskóli í byggingu og Vallargerðisvöllur í forgrunni, líklega um 1969.



Mynd 106: Marbakkabraut 26, 2023.



Mynd 107: Meðalbraut 2, 2023.





Mynd 108: Ásbraut 2, 2023.



Mynd 109: Kársnesbraut 31, 2023.

# Uppbygging iðnaðarhúsnæðis á hafnarsvæði

Á sama tíma og íbúðauppbyggingaráform eru lágstemmd á Kársnesi á áttunda áratugnum og mest í formi fyllinga í göt í byggðinni eru háleitar hugmyndir um stækkun athafnasvæðis við Kársneshöfn. Þær framkvæmdir koma þó að mestu ekki til framkvæmda fyrr en á níunda áratugnum.




Mynd 110: Yfirlitsuppdráttur, uppfylling á Kársnesi 1978.




Mynd 111: Aðalskipulag Kópavogs 1969. Skilgreining á landnotkun byggir á skýrri aðgreiningu milli íbúða- og þjónustusvæða og stærstur hluti norður og vesturstrandar skilgreindur undir iðnaðarsvæði.

## Kársnesbraut 102A

Byggt 1973 fyrir
Steinbockþjónustuna

Ásgeir Ingvarsson teiknar

Athyglisvert dæmi um
iðnaðarhúsnæði á Kársnesi
frá áttunda áratugnum er
Kársnesbraut 102A sem er
viðbygging við Kársnesbraut 104.











## Vesturvör 16-20

Byggt 1972 fyrir Dósagerðina

ÍSTAK teiknar

Dósagerðin rís í Vesturvör 16–20
við norðvesturströnd Kársness,
vestur af þeim reit þar sem
Vita- og hafnamálastofnun var
til húsa.












Mynd 112: Höfnin í Kópavogi á níunda áratug síðustu aldar. Án ártals.



Mynd 113: Hulda Jakobsdóttir og Högna Sigurðardóttir við vígslu Sundlaugar Kópavogs árið 1991.



# Fyllt upp í eyður (1980–1994)

*Högna Sigurðardóttir er bæði frumlegur og snjall arkitekt, en hefur alltof sjaldan fengið verkefni hér á landi að mínum dómi. Hún er búsett í París og vegnar þar vel. Ég hitti hana einmitt, þegar ég kom þangað síðast og gat glatt hana með því, að sundlaugin, sem hún teiknaði handa Kópavogsbúum fyrir meira en aldarfjórðungi, yrði nú senn fullbyggð.*
Hulda Jakobsdóttir

Íbúar á Kársnesi voru 4.283 árið 1982, þar af bjuggu 577 við Kársnesbraut sem var fjölmennasta gatan. Íbúum fjölgaði um 500 á níunda áratugnum (Kópavogsbær, 2018). Af upphaflegum ræktunarreitum á Kársnesi var aðeins Sæbólsland enn óbyggt á níunda áratugnum auk Rútstúns þar sem fyrsti áfangi sundlaugar í skemmtigarði hafði litið dagsins ljós á sjöunda áratugnum.

Árið 1982 var aðalskipulag Kópavogs frá 1970 endurskoðað og hluti íbúðasvæðis við norðurströndina. Áhersla var lögð á þéttari íbúðabyggð í landi Sæbóls og að færa iðnaðarstarfsemina vestar á landfyllingar við höfnina. Á níunda áratugnum á sér stað töluverð uppbygging atvinnuhúsnæðis við norðurströndina. Til að rýmka til fyrir matvælastarfsemi og fleiru er hæðum og viðbyggingum bætt við eldra iðnaðarhúsnæði við Kársnesbraut, skrifstofubygging Vita- og hafnamála rís á reit stofnunarinnar og við Hafnarbraut reisir Síldarútvegsnefnd nýja rannsóknarmiðstöð. Árið 1982 var farið að veita fé til hafnargerðar á Kársnesi úr bæjarsjóði og umsvifamiklar breytingar gerðar á höfninni. Fyrsta aðalskipulag Kópavogsbæjar, sem náði yfir allt svæðið vestan Elliðavatns, var samþykkt í bæjarstjórn 1985 fyrir skipulagstímabilið 1983–2003. Í því er lögð áhersla á Kópavogshöfn á Kársnesi og var höfnin stækkuð í áföngum á árunum 1989–1992. Árið 1989 var lokið við gerð grjótgarðs og flotbryggja fyrir um 40 litla báta tekin í notkun (Kópavogsbær, 1990:45). Í aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008 var enn áætlað að auka magn atvinnuhúsnæðis á hafnarsvæði Kársness, gert var ráð fyrir hafnsæknum iðnaði og vöruskemmum, settar fram áætlanir um aðstöðu fyrir fiski- og flutningaskip og tvo viðlegukanta. Í lok níunda áratugarins fór því stór hluti af atvinnustarfsemi í Kópavogi fram vestast á Kársnesinu og meðal aðalatvinnugreina í bænum voru húsgagnaiðnaður og matvælaiðnaður (Andrés Kristjánsson o.fl., 1990).

Á landi Sæbóls og í næsta nágrenni vék atvinnustarfsemin hins vegar fyrir íbúðabyggð. Blómaskálinn og ræktun við Sæból leggst af, húsnæði Málningar hf. og fleiri iðnaðarmannvirki á svæðinu brenna. Þétt íbúðabyggð sem rís eftir skipulagi leysir fyrri mannvirki af hólmi. Póstmódernískur stíll einkennir byggðina sem rís á Sæbólslandi á níunda áratugnum.



Mynd 114: Loftmynd, Kársnes, 1980.



Mynd 115: Byggð á tímamótum, Sæbólsland 1984.

# Endurskoðun aðalskipulags

Í fyrsta aðalskipulaginu frá 1969 var meirihluti svæðisins norðan Kársnesbrautar skilgreindur sem iðnaðarsvæði eða opið svæði en aðeins lítið brot flokkaðist sem íbúðasvæði.

Þegar skipulagið var endurskoðað 1982 var aukin áhersla á þéttari byggð í landi Sæbóls og iðnaður færðist vestar á landfyllingar. Í Sæbólslandinu var m.a.s. tekin frá lóð fyrir leikskóla.

Í aðalskipulagi Kópavogs 1988-2008 færist áætluð smábátahöfn við norðurströndina í vesturátt.



Mynd 116: Aðalskipulag Kópavogs 1962-1982.



Mynd 117: Aðalskipulag Kópavogs 1983-2003




Mynd 118: Aðalskipulag Kópavogs 1988-2008.

# Umhverfisgæði

Umhverfisáherslur sem eflast alþjóðlega á áttunda áratugnum skila sér í auknum mæli inn í starf ríkis og sveitarstjórna á Íslandi á níunda áratugnum og hafa áhrif á áherslur sem eru lagðar þegar kemur að byggðarþróun og uppbyggingu. *Borgir* kringum Kópavogskirkju voru friðlýstar árið 1983 og fyrsta Umhverfisráð í Kópavogi var sett á fót árið 1986. Þá hófst vinna að hreinsun strandlengjunnar við Kópavog og Fossvog, eitt stærsta umhverfisátak á svæðinu og gert í samvinnu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Skólp frá bæjarfélögunum var upp frá því leitt í sameiginlega hreinsistöð við Ánanaust í Reykjavík og því þaðan dælt á sjó út. Markmiðið var að gera fjörur á höfuðborgarsvæðinu hreinar á ný (Kópavogsbær, 1993).

## Svæðisskipulag

Fyrsta Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins var unnið fyrir tímabilið 1985–2005. Í því eru meðal annars lagðar áherslur á gróðursetningu trjáa og runna innan byggðar auk þess sem lagt er til að unnið verði að trjáverndarskipulagi og trjávernd. Einnig eru stefnumið í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins sem eru til marks um aukna áherslu í skipulagi og byggðarþróun hvað varðar gildi hins byggða m.t.t. útivistar og útiíþrótta í daglegu lífi íbúa (Gestur Ólafsson, 1986).

Skilgreind eru markmið um lagningu samfellds kerfis hjólreiðastíga fyrir allt höfuðborgarsvæðis. Þá eru sett fram áform um verndun útisvæða vegna gildis þeirra fyrir umhverfisfræðslu. Einnig er fjallað um siglingar og mikilvægi þess að styðja við starf siglingaklúbba og aðstöðu fyrir smábáta á höfuðborgarsvæðinu, þar á meðal á Kársnesi (Kópavogsbær, 1993).

Árið 1990 var samþykkt að vinna hverfaskipulag fyrir eldri hverfi Kópavogs og var Hverfisskipulag Vesturbæjar samþykkt árið 1993. Í því kemur fram eftirfarandi: „Auk göngustígs meðfram strandlengjunni (strandleiðin) eru helstu gönguleiðir í bæjarhlutanum þvert yfir nesið, eftir Hamraborg yfir Borgarholtið og áfram vestur eftir, einnig yfir brúna við Digranesveg og vestur eftir Borgarholtsbraut að suðurhluta byggðarinnar. Í dag er gönguleiðin eftir Borgarholtsbrautinni að Urðarbraut erfið, og þarf m.a. að tryggja gangandi vegfarendum örugga leið úr austurbæ í vesturbæ, t.d. að Sundlaug Kópavogs“ (Kópavogsbær, 1993:13).



Mynd 119: Gangstígur við suðurströnd Kársness.



Mynd 120: Dvalarrými við suðurströnd Kársness.



Mynd 121: Gangstígur og dvalarrými við norðurströnd Kársness.



Mynd 122: Græn svæði á Kársnesi og gangstígar utan við akfærar götur.



Mynd 123: Göngutenging milli lóða við Kastalagerði

# Bruni Málningar

Húsnæði Málningar við Kársnesbraut varð eldi að bráð í júlímánuði 1987, aðeins einum mánuði eftir að birgðastöð Vita- og hafnamálastofnunar, sem stóð aðeins vestar á ströndinni, brann til kaldra kola. Ljóst var að bærinn stóð á tímamótum með byggð við norðurströnd Kársness. Óánægja ríkti meðal íbúa vegna brunahættu af iðnaðarstarfsemi innan um rótgróna íbúðabyggð. Ári eftir brunann var nýtt aðalskipulag í Kópavogi fyrir skipulagstímabilið 1988–2008 samþykkt. Þar er m.a. fjallað um deiliskipulag sem hafði verið samþykkt í ársbyrjun 1988 og fékk heitið Huldubraut (Kópavogsbær, 1990).

Gatan Huldubraut og íbúðabyggðin við hana var lögð meðfram strandlengjunni neðan Kársnesbrautar. Nokkur húsanna voru staðsett á lóðinni þar sem Málning hafði staðið og leyndi það sér ekki þegar menn fóru að grafa fyrir húsagrunnum og málningardósir komu í hrúgum undan jarðveginum (samtal við Einar Kjartansson, húsbyggjanda og íbúa við Huldubraut).



Málning hf. ræðir við bæjaryfirvöld um lóð við Reykjanesbraut:

Skiptar skoðanir um ágæti blandaðra hverfa

– segir Björn Þorsteinsson, bæjarritari í Kópavogi

VIÐRÆÐUR hafa staðið yfir að undanförnu á milli forsvarsmanna Málningar hf. og bæjaryfirvalda í Kópavogi um yfirtöku bæjarins á lóð og byggingum fyrirtækisins að Marbakkabraut 21, húsnæðinu sem brann í fyrradag, gegn því að bærinn úthlutaði fyrirtækinu lóð í iðnaðarhverfi við Reykjanesbraut í Fífuhvammslandi.

Bæjarráð úthlutaði tveimur fyrirtækjum, Ístaki og Hlaðbæ, sitthvorri lóðinni á sínum tíma við Reykjanesbrautina, en Ístak dró sig út úr samningum og fóru þá for- [...]

frá birgðastöð Vita- og hafnarmálastofnunar, sem brann fyrir mánuði síðan, að húsnæði Málningar hf., sem brann í fyrradag. „Fljótlega komu fram óskir frá íbúum við Kársnesbraut um að svæðið yrði gert að íbúðabyggð. Um var að ræða erfðafestulönd svo Kópavogsbær gerði samninga við eigendurna um erfðafestuna og gert var deiliskipulag um íbúðabyggð á svæðinu árið 1972. Ekki þótti þó ástæða til að hrekja þau fyrirtæki í burtu sem þarna höfðu byggt upp starfsemi sína og sú er ástæðan fyrir því að Málning hf. og Vita- og hafnarmál [...]

Mynd 124: Brot úr blaðagrein um bruna Málningar, 1987.



Mynd 125: Bruni Málningar, 1987.



Mynd 126: Brunarústir Málningar, 1987.



# Huldubraut

Deiliskipulagssvæðið við Huldubraut, sem nefnd er eftir Huldu Jakobsdóttur, er að hluta á Sæbólslandi og að stórum hluta á nýrri landfyllingu. Það var samþykkt árið 1988 og var skipulagsráðgjöf í höndum Arkitektaþjónustunnar arkitektar. Í deiliskipulaginu var gert ráð fyrir einbýlishúsum og parhúsum með samtals um 40 íbúðum (Kópavogsbær, 1990:79). Huldubrautin tvístrast í miðju og skiptist í tvo botnlanga. Fyrir ofan götu eru tvílyft parhús en neðan götu standa einbýlishús með óskert sjávarútsýni yfir Fossvog. Fyrir miðju hverfi er leikvöllur fyrir börn og á skipulagi var gert ráð fyrir smábátahöfn sem varð þó aldrei að veruleika. Auk uppbyggingar við Huldubraut og á Sæbólslandi norðan megin á Kársnesinu rísa einbýli á landi Marbakka, sem bætast við einbýli frá áttunda áratugnum.



Mynd 127: Skipulag við hluta norðurstrandar Kársness þar sem Huldubraut kom síðar. Uppdráttur frá 1960.



Mynd 128: Skipulagsuppdráttur fyrir Huldubraut, 1993.

# Sæbólsland

Í Sæbólshverfi stendur mjög þétt raðhúsabyggð við Helgubraut, Marbakkabraut og Sæbólsbraut. Flest raðhúsanna eru teiknuð af Gylfa Guðjónssyni. Austan megin við Sæbólsbraut stendur röð fjölbýlishúsa: þrjú eru reist eftir sömu teikningu Benjamíns Magnússonar en það nyrsta (nr. 32) er eldra og er eftir Kjartan Sveinsson. Langar botnlangagötur einkenna skipulagið þar sem áhersla er lögð á litlar innkeyrslur við húsin og stór sameiginleg bílaplön við enda hvers botnlanga. Þá eru gönguleiðir slitnar frá bílagötum og liggja milli lóða.




Mynd 129: Skipulagsuppdráttur Sæbólshverfi, 1993.





Mynd 131: Göngutenging milli lóðar og almenningsrýmis í Sæbólshverfi.



Mynd 130: Göngutengingar milli lóða við Sæbólsbraut.

# Menningartorfa

Af verkum arkitektsins Benjamíns H. Magnússonar í Kópavogi ber helst að nefna byggingar í Hamraborg, fjölbýlishús sem rísa í Sæbólslandi og víðar á níunda áratugnum og Gerðarsafn sem var vígt árið 1994 rétt austan Kópavogskirkju á Borgarholtinu. Hvatinn að byggingu safnsins var gjöf sem erfingjar Gerðar Helgadóttur (1928–1975) færðu Kópavogsbæ árið 1977, en meðal verka Gerðar eru steindir gluggar í Kópavogskirkju. Skilyrði fyrir gjöfinni var að Kópavogsbær byggði listasafn, sem tengdist nafni Gerðar, geymdi og sýndi verk hennar og héldi að öðru leyti minningu hennar á lofti (gerdarsafn.is).

Árið 1989 var deiliskipulagi miðbæjarins austan Hafnarfjarðarvegar breytt og byggingarmagn minnkað frá því sem áður var áætlað. Á fundi bæjarstjórnar í maí 1995 var samþykkt að miðbæjarsvæðið vestan gjár yrði vettvangur menningar og lista. Í kjölfar þess var áætlað byggingarmagn á svæðinu minnkað frá því sem áður hafði verið samþykkt, gert var ráð fyrir skiptistöð almenningssamgangna, bensínstöð og opnað var fyrir þann möguleika að byggja yfir gjána. Á opna svæðinu við menningartorfuna var m.a. gert ráð fyrir tjörn og gönguleiðum um svæðið. Engin bílastæði voru skilgreind á opna svæðinu. Aðkomu frá Borgarholtsbraut að safnasvæðinu var bætt við árið 2015.

## Sundlaug á Rútstúni

Á Rútstúni leit fyrsti áfangi Sundlaugar og almenningsgarðs Kópavogs dagsins ljós á sjöunda áratugnum. Síðari tillaga Högnu Sigurðardóttur að sundlaug og almenningsgarði Kópavogsbæjar er frá árinu 1985. Í endurminningabók sinni frá árinu 1988 segir Hulda Jakobsdóttir, sem átti frumkvæði að því að fá Högnu til að teikna sundlaugina: „[...] nú er loksins byrjað að fullgera hina upprunalegu teikningu, svo að væntanlega rís áður en langt um líður stór og glæsileg sundlaug á Rútstúni“ (Gylfi Gröndal, 1988:176). Sundlaugin sem Högna teiknaði hefur þó ekki enn verið fullgerð. Hins vegar kynnti Kópavogsbær breytingar á skipulagi Rútstúnssvæðisins árið 2005 og nýja hönnun sundlaugar sem var gerð án vitundar Högnu og samstarfsmanns hennar að síðari tillögunni, Jes Einars Þorsteinssonar.



Mynd 132: Gerðarsafn. Aðaluppdráttur, 1986.



## Frönsk tenging

Högna hafði lokið arkitektúrnámi og var starfandi í París þegar Benjamín H. Magnússon og Jes Einar Þorsteinsson voru þar við nám. París, þar sem hægt var að drekka í sig það sem var efst á baugi í arkitektúr í Mið-Evrópu á sjötta og sjöunda áratugnum, tengdi þau því saman og síðar Kópavogur og Kársnes. Þar fleyttu þau framsæknum og frönskum áhrifum áfram í staðbundnum verkum sínum. Sundlaug og almenningsgarður Kópavogs er meðal lykilverka Högnu, þá er einbýlishús sem hún teiknaði við Sunnubraut 37 gott dæmi um höfundarverk hennar á Íslandi.





Mynd 133: Sundlaug Kópavogs. Aðaluppdráttur, 1986.

**Sæbólsbraut 26-30**

Höfundur: Benjamín Magnússon

Byggingarár: 1985











**Kársnesbraut 21**

Höfundur: Albína Thordarson

Byggingarár: 1989













## Sæbólsbraut 1-5

Höfundur: Gylfi Guðjónsson

Byggingarár: 1985














## Sæbólsbraut 8-12

Höfundur: Albína og Guðfinna Thordarson, Kjartan Sveinsson, Jóhann Einarsson.

Byggingarár: 1984-88

Dæmi um þrískipt parhús sem reist er eftir teikningum ólíkra arkitekta og sýnir mismunandi lausnir út frá sama ramma.






**Marbakkabraut 20**

Höfundur: Dagný Helgadóttir

Byggingarár: 1984

Dæmi um einbýli við norðurströnd Kársness í postmódernískum anda.





**Marbakkabraut 22**

Höfundur: Jóhann Einarsson

Byggingarár: 1984







**Huldubraut 13**

Höfundur: Halldór Gíslason

Byggingarár: 1984

Dæmi um tvíbýli við Huldubraut
í póstmódernískum anda.



**Huldubraut 5**

Höfundur: Fagverk teiknistofa

Byggingarár: 1989

Dæmi um tvíbýli við Huldubraut
í póstmódernískum anda.



**Marbakkabraut 36**

Höfundur: Vatnar Viðarsson

Byggingarár: 1981

Dæmi um einbýli
við Marbakkabraut í
póstmóderníksum anda með sterk
geómetrísk grunnform.









**Skjólbraut 7**

Höfundur: Arkitektastofan OÖ

Byggingarár: 1983





## Marbakkabraut 6

Höfundur: Vífill Magnússon,

Vinnustofan Vesturvör

Byggingarár: 1992















## Sæbólsbraut 34A

Höfundur: Úlrik Arthúrsson

Byggingarár: 1997















Mynd 134: Sæbólsbraut 15-17



Mynd 135: Marbakkabraut 6



Mynd 136: Marbakkabraut 22





Mynd 137: Huldubraut 13, 2023.



Mynd 138: Huldubraut 5, 2023.



Mynd 139: Marbakkabraut 36, 2023.

# Landnám út í sjó og nýjar tengingar (1995–)

Við aldamót var Kársnes orðin heilsteypt gróin byggð með lágstemmt, vinalegt yfirbragð. Helstu áætlanir um uppbyggingu voru vestast á nesinu og sýnir Aðalskipulag Kópavogs 1988–2008 mikla uppbyggingu á landfyllingu fyrir iðnaðarsvæði ásamt landfyllingu fyrir Bryggjuhverfið (Kópavogsbær, 1990).

Frá aldamótum hafa ekki verið margar grundvallarbreytingar á áherslum skipulagsins en þær helstur eru á Kópavogstúni og þróunarsvæði sem gerir ráð fyrir aukinni uppbyggingu blandaðrar byggðar vestast og nyrst á Kársnesinu (Kópavogsbær, 2018). Aðalskipulag Kópavogs 2019–2040 var staðfest af skipulagsráði árið 2021.

## Borgarlína og brú yfir Fossvog

Á Kársnesi eru umferðarleiðir sem setja sterkan svip á flæði inn í hverfið og umferð innan þess: Kársnesbraut, Borgarholtsbraut, Kópavogsbraut og Urðarbraut. Eðli Kársness kemur til með breytast verulega með borgarlínu sem er áætlað að þveri Kársnesið frá norðri að Borgarholtsbraut og þar áfram yfir Kópavogsgjá. Kópavogsbær og Reykjavíkurborg hafa ákveðið að vinna sameiginlegt deiliskipulag fyrir brú yfir Fossvog fyrir gangandi, hjólandi og umferð almenningsvagna. Brúin er áformuð frá flugbrautarenda Reykjavíkurflugvallar, vestan Nauthólsvíkur, yfir á norðausturhluta Kársnestáar. Brú yfir Fossvog mun styrkja tengsl Kársness við miðborg Reykjavíkur til muna.



# Umbreytingar

Frá því að Kársnesið varð að mestu fullbyggt hafa verið gerðar ýmsar breytingar á byggðinni og mörg dæmi um umbreytingar innan núverandi byggðar. Sumar eru til batnaðar og aðrar ekki. Frá aldamótum hefur nokkuð borið á niðurrifi eldri húsa til að rýma fyrir stærri og hærri nýbyggingum. Einnig er algengt að hús hafi verið stækkuð með hækkunum og viðbyggingum. Eru nokkur áhugaverð dæmi þar sem eldri mannvirkjum er fléttað saman við ný. Einnig er að finna athyglisverð dæmi þar sem innra skipulagi atvinnuhúsnæðis hefur verið breytt í takti við nýja notkun á nýjum tímum.



Mynd 141: Niðurrif og uppbybgging Sunnubraut 6, 2023.



Mynd 140: Viðhengi og viðbætur. Skólagerði 54-56



Höfundur: Ókunnur
Byggingarár: 1943
Höfundur breytinga:
Þorleifur Eggertsson

Dæmi um fyrstu kynslóðar hús sem fær endurnýjun lífdaga með tuttugustu og fyrstu aldar viðbyggingu sem virðir upphaflegan mælikvarða hússins þannig að tvennir tímar mætast í einu og sama húsinu.



Mynd 143: Ný viðbygging. Kópavogsbraut 10, 2023.



Mynd 142: Atvinnuhúsnæði verður íbúðarhúsnæði. Þinghólsbraut 19-21, 2023.

# HÚSAGERÐIR

# Íbúðarhúsnæði


1941-42: Helgubraut 8, höfundur ókunnur


1963: Sunnubraut 6, Guðmundur Kr. Kristinsson


1978: Marbakkabraut 26, Manfreð Vilhjálmsson


2016: Sæbólsbraut 34, Studio Strik


1956: Holtagerði 1, Einar Júlíusson


1964-69: Skólagerði 19-21, Húsnæðismálastofnun Ríkisins


1965: Holtagerði 50, Kjartan Sveinsson


1978: Kópavogsbraut 85, Kjartan Sveinsson


1985: Sæbólsbraut 1-5, Gylfi Guðjónsson


1994: Huldubraut 28, Páll Hjaltason


2020: Marbakkabraut 9, Trípólí Arkitektar


1950: Kópavogsbraut 69, höfundur ókunnur


1957: Hlégerði 27, Einar Júlíusson


1965: Meðalbraut 12, Húsnæðismálastofnun Ríkisins


1969: Ásbraut 15-17, Húsnæðismálastofnun Ríkisins


1985: Sæbólsbraut 26-30, Benjamín G. Magnússon


1936/2020: Sæbólsbraut 40, viðbygging Teiknistofan Strikið
























# Þjónustuhúsnæði



1950: Kársnesbraut 1, höfundur ókunnur











1964: Leikskólinn Kópasteinn, Bárður Daníelsson



1962: Kópavogskirkja, Teiknistofa Húsameistara Ríkisins



1955: Biðskýli Kópavogsbraut 115, höfundur ókunnur











1971: Þinghólsskóli Kópavogsbraut 58, Teiknistofan Óðinstorg



1978: Verslunarhús Hófgerði 30, Hannes Kr. Davíðsson



1961: Verslunarhús Borgarholtsbraut 71, Einar Júlíusson











1989-94: Gerðarsafn, Benjamín G. Magnússon



2023: Nýr Kársnesskóli, Batteríið Arkitektar






# Iðnaðarhúsnæði



Kársnesbraut (Málning hf.)



1949: Vesturvör 2 (Vita- og hafnarmálastofnun)











1950: Vesturvör 12 (Niðursuðuverksmiðjan ORA), upprunalegur höfundur ókunnur, viðb. 1971 Hörður Björnsson



1962: Kársnesbraut 106 (Efnagerðin Valur), Hörður Björnsson



1964: Kársnesbraut 104, Baldur Friðriksson











1975: Hafnarbraut 2, Sig. R. Halldórsson



1989: Kársnesbraut 112, Þorvaldur Ásgeirsson



1986: Vesturvör 9, Vífill Magnússon



1989: Hafnarbraut 25, Sigurður Þorleifsson











2001: Bakkabraut 8, Steingrímur Hauksson



2003: Vesturvör 11 (Prenttækni), Teiknistofan Röðull






# VARÐVEISLUMAT

# Núverandi verndunarákvæði á Kársnesi

## Hverfisvernd

Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum (gr. 6.3.i. í skipulagsreglugerð, Hverfisvernd).

### Svæði á Kársnesi sem falla undir hverfisvernd:

Höfði. Tangi í Fossvogi vestan við Landsrétt.

Útivistarsvæði og áningarstaður á norðurströnd Kársness. Á svæðinu eru jafnframt minjar frá síðari heimsstyrjöld. Meðfram Kársnesströndinni og fram hjá tanganum liggur aðalstígur. Stærð 0,8 ha.

Túnið sunnan við Kópavogsbæinn

Kópavogsbærinn, Hressingarhælið og túnið sunnan og austan við bæinn að Hafnarfjarðarvegi að sjó er hverfisverndað (bæjarverndað). Bærinn Kópavogur var eitt fjögurra lögbýla í Kópavogi og minnst þeirra. Bærinn var byggður á árunum 1903 og 1904. Í fornleifaskrá Kópavogs er mikilvægi Kópavogsbæjar og Kópavogsþingstaðar svona lýst: „Staðurinn býr yfir afar miklum upplýsingum sem ná frá nútíma allt aftur á landnámsöld. Ekki er mikið til ritað um staðinn og þeim mun mikilvægari eru þær heimildir sem geymdar eru undir sverðinum.“ Stærð 8,66 ha. (Kópavogsbær, 2022).

## Friðlýst svæði

Svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar (gr. 6.3.d í skipulagsreglugerð, Friðlýst svæði).

### Friðlýst svæði á Kársnesi:

Borgir á Kársnesi

FFriðlýstar sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 269/1981. Stærð náttúruvættisins er 2,8 ha. Eftirfarandi reglur gilda um hið friðlýsta svæði:

1. Varðveita skal jarðmyndanir og lífríki svæðisins eftir föngum. Hvers konar rask, er breytt getur útliti þess, er óheimilt nema til komi samþykki Umhverfisstofnunar.

2. Umferð gangandi fólks er heimil um svæðið. Þá er heimilt, að höfðu samráði við náttúruverndarnefnd og skipulagsnefnd, að leggja gangstíga um svæðið og koma fyrir öðrum búnaði, svo sem bekkjum, í þágu útivistar á svæðinu. Hreyfihömluðu fólki skal gert kleift að njóta útivistar á svæðinu.

3. Öllum er skylt að ganga vel um hið friðlýsta svæði. (Kópavogsbær, 2022).

Skerjafjörður

Hluti Fossvogs og Kópavogs. Friðlýst sem búsvæðavernd 2012. Hið friðlýsta svæði skiptist í tvo hluta, annars vegar eru 39 hektarar í Kópavogi og hins vegar 24 ha. í Fossvogi. Stærð búsvæðisins er 62,6 ha.

Markmiðið með friðlýsingu Skerjafjarðar er að vernda lífríki við ströndina, í fjöru og á grunnsævi, einkum og sér í lagi með tilliti til fugla. Jafnframt er það og fræðslugildi svæðisins sem felst í líffræðilegri fjölbreytni og samrýmist verndun búsvæða fugla. (Kópavogsbær, 2022).

## Friðuð og friðlýst hús á Kársnesi

Hús sem ákveðið hefur verið að setja takmörkun á landnotkun um að höfðu samráði við Minjastofnun Íslands (gr. 6.3.f í skipulagsreglugerð, Minjavernd).

Kópavogsbærinn

Elsta húsið var byggt á árunum 1902 til 1904. Friðað af mennta- og menningarmálaráðherra 12. október 2012, með vísan til 1. mgr. 4. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001. Friðunin nær til ytra byrðis húsasamstæðunnar. Nú friðlýst 80/2012.

Hressingarhælið

Byggt 1926. Friðað af mennta- og menningarmálaráðherra 22. október 2012, með vísan til 1. mgr. 4. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001. Friðunin nær til ytra og innra byrðis hússins. Nú friðlýst 80/2012.

# Sértæk rammaákvæði nr. 5 í aðalskipulagi Kópavogs

Sértæk rammaákvæði gilda á tveim afmörkuðum svæðum á Kársnesi þar skal „leggja áherslu á að hið heilsteypta yfirbragð raskist ekki við breytingar eða ytra viðhald húsa. Viðbyggingar og bílskúrar skulu ekki spilla yfirbragði húsanna eða götumyndinni.“

**Svæði á Kársnesi sem falla undir sértæk rammaákvæði nr. 5:**

a) Hlégerði 12, 14, 16, 18, 20, 22, 21, 23, 25, 27, 29, 31, 33 og 35

Götumyndin í Hlégerði er einkar heilsteypt og fögur. Húsin vestan megin sem eru byggð eftir sömu grunnteikningu liggja eftir bogadreginni götunni og mynda fallega heild. Húsin eru dæmigerð fyrir byggð í Kópavogi á 7. áratugnum og segja má að Hlégerði hafi verið fyrsta gatan á Kársnesi sem byggðist upp á fáum árum. Grunnflötur húsanna er frekar lítill, en húsin samt reisuleg steinhús með háu risi, kvistum og svölum, sum hver með íbúð í kjallara eða á jarðhæð. Fínleg píláragrindverk setja skemmtilegan svip á götuna. Norðan götunnar eru dæmi um pallahús sem urðu mjög vinsæl á þessum tíma og eru víða í Kópavogi.

b) Sunnubraut 10, 8 og 6

Umrædd hús á Sunnubraut eru byggð á 7. áratug 20. aldar og eru markverð fyrir einstaklega góða hönnun í anda fínlegra funkishúsa frá þessu tímabili. Sérstaklega ber að nefna létta útveggi suðurhliða með vel útfærðum og léttum þakkanti. Götumyndin er heilsteypt og húsin standa á einkar fallegum stað við sjávarsíðuna. (Kópavogsbær, 2022).

# Forsendur varðveislumats

Varðveislumat Byggðakönnunar Kársness tekur fyrst og fremst til mats á yfirbragði byggðar. Greind eru helstu einkenni byggðarinnar og lagt mat á varðveislugildi heilda, svo sem náttúrutenginga, götumynda, byggðamynsturs og skipulagsheilda. Einnig er leitast við að draga fram einstök hús sem könnunin leiðir í ljós að hafi sérstakt menningarsögulegt gildi, teljast góðir fulltrúar byggingarlistar ákveðins tímabils, eru áberandi kennileiti í byggðinni, hafa haldið upprunaleika sínum eða eru góð dæmi um höfundarverk. Jafnframt er bent á athyglisverðar byggingar sem hafa gildi fyrir samfélagið vegna hlutverks, sögu, byggingarlistar eða umhverfislegra aðstæðna. Ekki er um að ræða tæmandi yfirlit.

Forsenda varðveislumatsins er vettvangskönnun, greining og grunnskráning húsa sem nær til byggingarárs, staðsetningar og höfundar ásamt ljósmyndum og teikningum.

Gerður er sá fyrirvari við varðveislumat byggðakönnunarinnar að það er ekki unnið eins og um væri að ræða húsakönnun þar sem varðveislugildi hvers og eins húss er metið samkvæmt lögum, reglum og leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands og lögð fram fullbúin skrá yfir hús og mannvirki.

Nýjar upplýsingar og viðmið geta leitt til þess að endurtaka þurfi mat og breyta varðveislugildi. Þessi misserin er til að mynda lögð aukin áhersla á umhverfis- og varðveislugildi í ljósi kolefnisfótspors sem bundið er í byggingum, sem kemur til með að hafa áhrif á mat á varðveislugildi byggðar til framtíðar litið.

## Verndunarflokkar

**Blár flokkur: Friðlýst hús og mannvirki**

Hús friðlýst samkvæmt 5. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, sem segir: „Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.“ Á skrá er getið hvaða hluti byggingar er friðaður og friðunarár.

**Fjólublár flokkur: Friðuð hús**

Hús friðuð samkvæmt aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Gildir nú um hús byggð 1921 eða fyrr samkvæmt Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Athuga skal að heimildir geta verið um annað byggingarár en það sem gefið er upp í Fasteignaskrá.

**Rauður flokkur: Einstök hús, húsaraðir og götumyndir**

Einstök hús, húsaraðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

*Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga:*

*Æskilegt er að útlit húsa verði lagfært með hliðsjón af upphaflegri gerð.*

*Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum.*

*Hugað sé að því að viðhalda upphaflegri grunngerð og sérkennum og draga ekki úr byggingarlistalegu gildi húsa og húsaraða.*

**Gulur flokkur: Samstæður húsa og heildir**

Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

*Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga:*

*Breytingar taki mið af mælikvarða byggðar og hlutföllum húsa.*

*Hugað skal að því að varðveita lágstemmt og gróið svipmót og yfirbragð byggðarinnar*

*Við breytingar og viðbyggingar sé hugað af því að raska ekki sjónlínum frá nærliggjandi byggð og götuumhverfi að strönd og kennileitum.*

**Athyglisverð hús**

Auk húsa og heilda í verndunarflokki er gerður listi yfir hús sem eru eftirtektarverð eða einkennandi fyrir ákveðið skipulagstímabil, byggingarsögu eða tíðaranda síns tíma og vert er að vekja athygli á. Þessi listi er ekki tæmandi. Ef ráðgerðar eru breytingar á þessum húsum sem hafa áhrif á ásýnd þeirra eða heildarsvip og geta rýrt upprunaleika þeirra er lagt til að metið verði hvort tilefni sé til hverfisverndar.

## Yfirlit yfir verndunarsvæði




Hverfisvernd

Friðlýst svæði

Friðuð og friðlýst hús

Rammákvæði nr. 5 í Aðalskipulagi Kópavogs

# Aldur byggðar

Uppbygging byggðar á Kársnesi er mest á sjötta og sjöunda áratug tuttugustu aldar.



- -1940
- 1940-49
- 1950-59
- 1960-69
- 1970-79
- 1980-89
- 1990-99
- 2000-

# Greiningarsvæði: saga og einkenni

Umfjöllunarsvæði hefur verið skipt upp í ólíka hverfahluta eftir landslagseinkennum, byggðarmynstri og sögulegu samhengi.



# Norðurströnd

Í umfjöllun um sögu og einkenni byggðar er norðanvert Kársnes kallað norðurströnd og svæðinu skipt í Kársnesbraut annars vegar og Sæbólsland hins vegar.

## Kársnesbraut og nærliggjandi atvinnusvæði

Kársnesbraut spannar um 1,5 kílómetra frá Sæbólsbraut í austri að vesturenda götunnar og 250 metra spotta sem liggur í norður-suður að Borgarholtsbraut, þar sem gatan verður að Kópavogsbraut. Hún var ein fyrsta gatan sem var lögð í Kópavogi og byggðin meðfram henni spannar öll tímabil frá því að fyrstu íbúarnir settust að á Kársnesi á fjórða áratugnum fram til dagsins í dag. Í upphafi lá troðningur við norðurströndina í átt að fyrirhugaðri höfn við Kársnes en á fimmta áratugnum var lagt vegstæði heldur sunnar þar sem Kársnesbraut liggur nú. Á árunum 1964–1969 var vegstæðið hækkað töluvert og í kjölfarið var innkeyrslum margra húsa norðan Kársnesbrautar breytt og eru þær nú frá Huldubraut, Marbakkabraut og Helgubraut.

Sérstaða Kársnesbrautar liggur í fjölbreytni og sögulegri vídd þar sem húsin rísa á mismunandi tímum allt frá upphafi búsetu í Kársnesi. Götumyndin gefur þverskurð af ríkjandi húsagerðum og byggingarlist á hverjum tíma. Byggðin er lágreist, þar eru nokkur einlyft hús en flest íbúðarhúsin eru tví- og þrílyft ein-, tví- og þríbýlishús með bílskúrum sem ýmist eru frá síðari tíma eða innbyggðir. Á skipulagsuppdrætti frá 1949 var gert ráð fyrir búsetu- og útivistarsvæði meðfram allri norðurstrandlengjunni en aðstæður höguðu því þannig að atvinnurekstur festi sig í sessi meðfram Fossvogi og fremst á Kársnesi þar sem vinna við hafnargerð hófst árið 1952 og ýmis iðnfyrirtæki hösluðu sér völl. Lágreist íbúðabyggðin við götuna fléttast því saman við stærra iðnaðar- og þjónustuhúsnæði sem rís norðan og vestan Kársnesbrautar, sem er hluti af byggðamynstrinu og gefur því sögulega vídd og fjölbreytni. Nokkur dæmi eru um athyglisverð hús.

Atvinnuhúsnæðið myndar snertiflöt milli núverandi íbúðarhúsnæðis og blandaðrar byggðar sem fyrirhuguð er norðan og vestan Kársnesbrautar. Mikil lofthæð, gluggasetning, stærð rýma og skali húsnæðis einkennir atvinnuhúsnæðið, getur falið í sér eftirsóknarverða eiginleika m.t.t. atvinnu- og þjónustustarfsemi í blandaðri byggð. Og gegnt lykilhlutverki í því að flétta saman byggð frá ólíkum tíma, í ólíkum mælikvarða og með ólíkt hlutverk.

## Sæbólsland

Sæból var fyrsta nýbýlajörðin á Kársnesi sem leigð var út til erfðafestu á síðari hluta fjórða áratugar. Þar eru nú bústaðir frumbyggja á Kársnesi, Sæból og Marbakki, sem reis á ræktarlandi vestan Sæbólsbæjarins, herbúðamannvirki Camp Bournemouth frá seinni heimsstyrjöld og nokkur hús frá fimmta áratug, sem standa við Helgubraut. Á níunda áratug var nýtt land brotið undir nýja steinsteypta byggð í Sæbólslandi og svæðið skipulagt í tveimur áföngum. Fimm hæða fjölbýli risu á austurjaðri svæðisins, lágreist parhús við Sæbólsbraut og norðan Helgubrautar, einbýli og parhús við Huldubraut og einbýli meðfram ströndinni við Sæbólsbraut og Marbakkabraut.

Einkennandi fyrir lágreista og þétta raðhúsabyggð við Sæbólsbraut eru brött risþök með þakgluggum og kvistum. Gylfi H. Guðjónsson, Jóhann Einarsson, Guðrún Jónsdóttir og Kjartan Sveinsson eru meðal arkitekta raðhúsanna. Þrjú af fjórum fjölbýlishúsum við Sæbólsbraut rísa eftir teikningum Benjamíns H. Magnússonar. Há mænisþök einkenna mörg einbýlishús við ströndina á Marbakkabraut og Sæbólsbraut sem rísa meðal annars eftir teikningum arkitektanna Dagnýjar Helgadóttur, Manfreðs Vilhjálmssonar og Ulriks Arthurssonar. Við Huldubraut eru einföld og lágstemmd parhús og einbýli, sem líkt og byggðin í heild, draga dám af póstmódernískum stíl áttunda og níunda áratugar með einkennandi gluggasetningar, útskot og glerskála sem mynda áberandi geómetrísk form. Litanotkun undirstrikar efniskennd og formgjöf sem virðist í sumum tilfellum grafísk og öðrum tilfellum skúlptúrísk.



# Holt

Í umfjöllun um sögu og einkenni byggðar er byggðin á Kársnesholtinu kölluð holt. Á holtinu er lágstemmd og gróin og byggist að mestu upp milli 1950–1970. Mörg hús í hverfishlutanum eru góðir fulltrúar byggingarlistar og sögu síns tíma og inni á milli eru skýrar heildir sem endurspegla ríkjandi húsagerðir og byggingarlist sem mótar staðarandann á hverjum tíma.

Í fyrsta lagi eru elstu húsin í Kársnesi sem eru dreifð en mynda eina heild og standa meðal annars við Borgarholtsbraut, Urðarbraut, austurhluta Melgerðis og Vallargerðis, Þinghólsbraut og Kópavogsbraut, en við hana eru hús frá ýmsum tímum sem rísa á stórum lóðum og skapa ákveðna þorpsheild.

Í öðru lagi er byggð sem rís á sjötta áratugnum þegar steinsteypuklassíkur fer að gæta í meira mæli. Dæmi um mjög heildstæðar götumyndir eru Hlégerði og Hófgerði. Við Skjólbraut og Kópavogsbraut austan Rútstúns eru einnig heildir húsa sem rísa á þessu tímabili með verðuga fulltrúa steinsteypuklassíkur.

Í þriðja lagi er byggð sem rís milli 1960 og 1970 þegar einhalla og flöt þök ruddu sér til rúms. Langflest húsin frá þessu tímabili eru steinsteypt og parhúsa og tvíbýla gætir í meira mæli eins og við Skólagerði og Holtagerði, vesturhluta Melgerðis og Vallargerðis. Þá er byrjað að byggja á meira krefjandi svæðum í landhalla og sjávarurð sem setur svip sinn á Hraunbraut og Kastalagerði.



# Suðurströnd

Í umfjöllun um sögu og einkenni byggðar er byggðin á sunnanverðu Kársnesi kölluð suðurströnd. Á fyrstu áratugum byggðar í Kársnesi risu hús við Þinghólsbraut og Kópavogsbraut og dæmi þar um hús frá fimmta áratugnum. Stærstur hluti svæðisins reis hins vegar eftir skipulagi frá sjöunda áratugnum þegar byggðin þéttist og Sunnubraut bættist við gatnakerfið í Kársnesi. Uppdráttur teiknistofu Skipulagsins nær til svæðisins suður af Þinghólsbraut og vestur af Urðarbraut að Kópavör þar sem ræktunarreitir náðu upphaflega að ströndinni frá norðri til suðurs og mynduðu langar mjóar ræmur sem skipt var upp í átta lóðir að meðaltali.

Byggðin er skipulögð heildrænt á þann hátt að hún hækkar með landinu, einlyft hús næst ströndinni, hús sem eru ein og hálf hæð norðan Sunnubrautarinnar og tveggja hæða hús sunnan Þinghólsbrautar. Einbýlishúsin sem rísa í anda skipulagsins á skömmum tíma mynda sterka heild módernískrar einbýlishúsabyggðar frá sjöunda áratug og eru um leið góð dæmi um höfundarverk arkitekta eins og Högnu Sigurðardóttur, Hannesar Kr. Davíðssonar, Guðmundar Kr. Kristinssonar, Gunnars Hanssonar, Manfreðs Vilhjálmssonar og Skarphéðins Jóhannssonar. Ólíkt hógværum híbýlum sem risu á Kársnesi í upphafi byggðar á nesinu voru mörg húsanna við suðurströndina reist fyrir efnafjölskyldur. Við Þinghólsbraut vestan Kópavarar eru dæmi um góða fulltrúa byggingarlistar, þar á meðal hús Albínu Thordarson við Þinghólsbraut á fallegum stað við sjávarsíðuna. Ólíkt Sunnubraut er ekki akvegur sjávarmegin við stórar lóðir á Þinghólsbraut. Norðan Þinghólsbrautar eru langar heimreiðar að einbýlishúsum sem standa norðarlega og á hæsta punkti á stórum grónum lóðum.



# Náttúrutengingar - gróður, sjónlínur, göngutengingar, strönd

Íbúðabyggð í Kársnesi er byggðaheild frá síðari hluta 20. aldar og byggist að langmestu leyti upp á 6. og 7. áratugnum. Byggðin er, með nokkrum undantekningum, stakstæð hús; einbýli, parhús, raðhús á einni og tveimur hæðum. Flest húsin eru steinsteypt, múrpússuð og máluð. Elstu og yngstu fulltrúar byggðar eru oftar klæddar byggingar og úr timbri. Þá hefur síðari tíma klæðning verið sett á steinsteypt hús. Lóðir eru grónar.

Lega Kársness og landslag gerir að verkum að víða er sjávarútsýn að Kópavogi og Fossvogi sem mynda náttúrulega umgjörð bæjarhlutans. Nálægð við hafið er því mikilvægur þáttur í byggðinni sem rammar inn útsýni til hafs sem aðgengi er að um gönguleiðir innan hverfis. Landhalli, skipulag og byggðamynstur, lega gatna og rýmd milli bygginga, sér í lagi sunnan Borgarholts, eiga þátt í að undirstrika þessi náttúrutengsl svæðisins og gefa upplifun af nálægð við strönd og haf.

*Mikilvægt er að huga að þessum náttúrutengslum sem hluta af byggðamynstrinu og vernda sjónlínur og göngutengingar að hafi sem teikna sig eftir götuásum og milli húsa.*

Borgarholtið og Kópavogskirkja gegna sérstöku hlutverki í byggðamynstrinu sem náttúruleg og manngerð kennileiti og eru áberandi úr ákveðnum sjónlínum. Kennileitin gefa tilfinningu fyrir tíma og stað sem undirstrikar staðbundna sérstöðu og hjálpar vegfarendum við að staðsetja sig innan hverfisins.

*Mikilvægt er að huga að tengslum við kennileiti Kópavogs sem hluta af byggðamynstrinu og vernda sjónlínur úr byggðinni að kirkjunni.*

Gróður og tré eru mikilvægur hluti af umgjörð Kársness auk þess að ýta undir gæði skjól- og hljóðvistar.

*Mikilvægt er að huga að verndun og vexti trjáa og gróðurs sem hluta af byggðavistinni.*

Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga:

*Breytingar taki mið af mælikvarða byggðar og hlutföllum húsa.*

*Hugað skal að því að varðveita lágstemmt og gróið svipmót og yfirbragð byggðarinnar.*

*Við breytingar og viðbyggingar sé hugað að því að raska ekki göngutengingum og sjónlínum að strönd og kennileitum.*








# Yfirlit yfir tillögur um verndun

## Gulur verndunarflokkur

| Norðurströnd | Holt | Suðurströnd |
|---|---|---|
| Sæbólsbraut 1-53 og 2-24 og Helgubraut 1-33 | Hraunbraut 7-47 og 8-44, Austurgerði og Kastalagerði | Þinghólsbraut 45-77 |
| Sæbólsbraut 26-32 | Holtagerði og Skólagerði | Mánabraut 1-19 og 2-18, Sunnubraut 2-46 og 21-45, Þinghólsbraut 1-43 og 2-46 og Kópavogsbraut 41-83 |
| Huldubraut 2-68 | Vallargerði 2-20 | |
| Marbakkabraut 1-17 og Huldubraut 1 (áður Kársnesbraut) | Melgerði 1-19 og 2-16 | |
| Helgubraut 2-10, Marbakkabraut 1-17, Huldubraut 1-31, Vesturvör 2B og 19 og Kársnesbraut 9-139 og 64-114 | Kópavogsbraut 2-22 | |
| | Borgarholtsbraut 1-13 | |

## Rauður verndunarflokkur

| Norðurströnd | Holt | Suðurströnd |
|---|---|---|
| Helgubraut 8 | Holtagerði 40-56 | Sunnubraut 21-47 |
| Huldubraut 32 | Holtagerði 61-69 | Kópavogsbraut 100 |
| Kársnesbraut 66 | Hófgerði 2-28 og 1-21 | Sunnubraut 26 |
| Kársnesbraut 86 | Hlégerði 12-22 og 21-35 | Sunnubraut 37 |
| Kársnesbraut 106 | Hlégerði 37a | Sunnubraut 6-10 |
| Marbakkabraut 26 | Kastalagerði 7 | Sunnubraut 42 |
| Marbakkabraut 38 | Kastalagerði 13 | Sunnubraut 46 |
| Sæbólsbraut 15-17 | Kópavogsbraut 58 (Þinghólsskóli) | Þinghólsbraut 35 |
| Sæbólsbraut 26 | Skjólbraut 10 | Þinghólsbraut 57 |
| Sæbólsbraut 40 | Skjólbraut 15 | Þinghólsbraut 59 |
| Vesturvör 2B | | |




# Gulur flokkur: samstæður húsa og heildir

**Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.**

Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga:

Breytingar taki mið af mælikvarða byggðar og hlutföllum húsa.

Hugað skal að því að varðveita götumyndir og lágstemmt og gróið svipmót og yfirbragð byggðarinnar.

Við breytingar og viðbyggingar sé hugað af því að raska ekki sjónlínum frá nærliggjandi byggð og götuumhverfi að strönd og kennileitum.




# Rauður flokkur: einstök hús, húsaraðir og götumyndir

**Einstök hús, húsaraðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/ eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.**

Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga:

Æskilegt er að útlit húsa verði lagfært með hliðsjón af upphaflegri gerð.

Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum.

Hugað sé að því að viðhalda upphaflegri grunngerð og sérkennum og draga ekki úr bygginarlistalegu gildi húsa og húsaraða.




## Yfirlit yfir gulan og rauðan flokk

# 1 Norðurströnd: Varðveislumat 2023

## 1.1 Samstæður húsa og heildir (gulur flokkur)

**Skipulagslegar, sögulegar og/eða umhverfislegar heildir.**

### Sæbólsbraut 1-53 og 2-24 og Helgubraut 1-33

Þétt raðhúsahverfi frá 9. áratugnum myndar heildstæða götumynd. Gott dæmi um þétta raðhúsabyggð, reist eftir heildstæðu skipulagi eftir Arkitektaþjónustuna. Sum raðhúsanna eru teiknuð af Gylfa Guðjónssyni, önnur af Jóhanni Einarssyni og enn önnur af Kjartani Sveinssyni.

Öll raðhúsin eru einlyft steinsteypt hús á kjallara og með rishæð undir mænisþaki. Langar botnlangagötur einkenna skipulagið og áhersla á litlar innkeyrslur við húsin og stór sameiginleg bílaplön við enda hvers botnlanga. Gönguleiðir eru slitnar frá bílagötum og liggja milli lóða.

Raðhúsin lúta sömu hlutfalls- og stærðarlögmálum og því er mikill heildarsvipur yfir hverfinu, sem hefur tekið litlum breytingum frá því það var reist. Lagt er til að hverfið verði verndað með hverfisvernd, sem skipulagsleg heild og gott dæmi um vandað og þétt hverfi lítilla fjölbýla. Við breytingar á hverfinu og húsum innan þess verði horft til þeirra hugmynda og forsenda sem liggja að baki upprunalegu skipulagi þess og þess gætt að raska ekki þeim heildarsvip sem er á hverfinu og hönnun fjölbýlishúsanna. *Æskilegt er að breytingar taki mið af stærðarhlutföllum húsa, áferð og efnisvali*.

### Sæbólsbraut 26-32

Röð fjölbýlishúsa: þrjú eru reist eftir sömu teikningu Benjamíns Magnússonar en það nyrsta (nr. 32) er eldra og er eftir Kjartan Sveinsson. Gott dæmi um fjölbýlishús sem ber byggingarlist níunda áratugarins og höfundinum gott vitni. *Æskilegt er að breytingar taki mið af núverandi einkennum, áferð*.

### Huldubraut 2-68

